

# Þinggerð

## 58. Frjálsíþróttapings



Haldið í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi,  
16. og 17. mars 2012

## Setning

Stefán Halldórsson formaður Frjálsíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 58. Frjálsíþróttabings.

## Kosning þingforseta og ritara

1. þingforseti kjörinn Guðmundur Kr. Jónsson.
2. þingforseti kjörinn Helgi S. Haraldsson.
1. þingritari kjörinn Örn Guðnason.
2. þingritari kjörin Þórey Edda Elísdóttir.

## Kosning nefnda þingsins.

### *Kjörbréfanefnd*

Sigurður Ingvarsson, ritari stjórnar FRÍ, formaður.  
Þorgerður Guðmundsdóttir, UMSE.  
Hlynur Guðmundsson, UMSK.

### *Fjárhagsnefnd*

Lóa Björk Hallsdóttir, ÍBH, formaður.  
Steinunn E. Þorsteinsdóttir HSK.  
Helga Jensen, ÍBR.  
Kristinn Guðlaugsson, ÍBH, varamaður.

### *Laganefnd*

Ásbjörn Karlsson, UMSS, formaður.  
Hreinn Ólafsson, ÍBR.  
Rósa Marinósdóttir, UMSB.

### *Allsherjarnefnd*

Gunnlaugur Júlíusson, ÍBR, formaður.  
Súsanna Helgadóttir, ÍBH.  
Eiríkur Mörk Valsson, UMSK.

## Skýrsla stjórnar

Stefán Halldórsson, formaður FRÍ, flutti skýrslu stjórnar. Ræddi hann um iðkendur og útbreiðslu frjálsíþróttar, sagði að iðkendum hefði fjölgað og sýnileiki greinarinnar væri meiri en oft áður. Hvað útbreiðslu varðaði væri á brattann að sækja. Afreksfólk og áhugaverð mót væru það sem vakti mesta athygli. Minntist hann á að Ásdís Hjálmsdóttir og Kári Steinn Karlsson hefðu tryggt sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum. Ásdís hefði á árinu komist í úrslit á HM og náð góðum árangri á mörgum mótum. Sagði einnig að hún hefði orðið önnur í kjöri íþróttamanns ársins. Kári hefði sett Íslandsmet í maraþonhlaupi og vakið mikla athygli. Hann ræddi einnig um árangur Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur, Huldu Þorsteinsdóttur og Sveinbjargar Zophoníasdóttur. Minntist á að Hulda Þorsteinsdóttir, Arna Ýr Jónsdóttir og

Stefanía Hákonardóttir hefðu orðið Norðurlandameistarar unglinga. Óvenjulega stór og kröftugur hópur ungmenna sem hefðu náð góðum árangri.

Stefán ræddi um nokkra stóra viðburði á tímabilinu, Norðurlandamót 19 ára og yngri sem haldið var á Akureyri og tókst vel, Evrópubíkarkeppni landsliða í 3. deild, þar sem 15 landslið kepptu og keppendur hefðu verið um 500. Þetta hefði verið stórt og umfangsmikið mót sem hefði tekist vel og verið okkur til mikils sóma. Hagnaður varð af mótinu sem átti m.a. þátt í því að afkoma FRÍ á árinu varð jákvæð. Hann ræddi einnig um Norðurlandamót í 10 km hlaupi sem haldið var á Selfossi í maí. Í tengslum við það mót var nýr frjálsíþróttavöllur tekinn í notkun á Selfossi. Sagði að þetta hefðu verið ánægjulegir viðburðir.

Stefán vísaði í skýrslu stjórnar þar sem ítarleg umfjöllun væri um starf Frjálsíþróttasambandsins.

Hvað markaðsmálin varðaði hefði verið reynt að auka sýnileika greinarinnar m.a. með því að kosta útsendingar frá Demantamótunum. Sagði hann að þetta kostaði sambandið mikið, en tryggði sýningar frá MÍ og Bikarkeppni. Líka væri greitt fyrir útsendingar frá Reykjavíkurlaikunum. Valitor og Actavis hafa styrkt þessar útsendingar. Aðrir styrktaraðilar FRÍ eru Toyota, Opal, Samsung, Prentmet, Saffran, Vodafone og Icelandair.

Um alþjóðleg samskipti sagði Stefán að lögð hefði verið áhersla á að auka þau. Það hefði skilað sér í formi styrkja og aukins mótahalds. Sagði að við gætum einnig miðlað af reynslu okkar. Greindi frá því að Jónas Egilsson hefði verið kosinn í stjórn Evrópska frjálsíþróttasambandsins. Greindi frá því að Þórdís Gísladóttir hefði verið boðin fram í kosningum til kvennanefndar IAAF en ekki náð kjöri, en að hún hefði verið skipuð af stjórn EAA í allsherjarnefnd sambandsins. Sagði Stefán að hún hefði m.a. flutt erindi um málefni íþróttafélaga á ráðstefnu EAA og fengið mjög góðar undirtektir.

Stefán sagði frá samstarfi við ÍSÍ og UMFÍ sem hefði verið gott eins og á undanförunum árum. Frjálsar íþróttir væru mikilvæg grein á vettvangi þessara sambanda. Þá sagði hann fræðslu- og útbreiðslumál hafa setið á hakanum hjá sambandinu og sagði það miður. Námskeið fyrir mælingamenn götuhlaupa hafi verið haldið ásamt dómarnámskeiðum undir stjórn Birgis Guðjónssonar.

Um aðstöðumálin sagði hann að ánægjuleg uppbygging hafi átt sér stað á liðnum árum, en á henni hefði hægt eftir hrúnið. Mannvirkjaþing var haldið á vegum FRÍ í febrúar sl. Formaður Frjálsíþróttasambands Evrópu kom í heimsókn og flutti erindi á þinginu.

Að lokum þakkaði Stefán samherjum í stjórn sambandsins og starfslíði fyrir gott samstarf og vonast eftir góðri samleið áfram.

### **Birgir Guðjónsson, formaður tækninefndar FRÍ**

Birgir flutti skýrslu tækninefndar og afhenti ýmis gögn er nefndinni tilheyrðu, en það gerði hann um leið og hann lét af störfum eftir 30 ára starf. Sagði hann að yfir 90 námskeið hafi verið haldin á þessum tíma og að hann hafi verið með 81 þeirra.

Stefán, formaður FRÍ, sagði að tímamót væru hjá sambandinu þegar Birgir léti af störfum. Hann hefði verið duglegur og lagt mikið af mörkum til sambandsins. Þakkaði góð gögn sem hann afhenti.

## **Ávörp gesta**

Ari Thorarensen, forseti bæjarstjórnar Árborgar, þakkaði Frjálsíþróttasambandinu fyrir að hafa valið Selfoss sem þingstað. Sagði hann að mikið væri framundan í íþróttum á Selfossi á árinu og því næsta. Mikil uppbygging hefði átt sér stað og að bæjarfélagið legði mikið upp úr uppbygginu. Hrósaði hann frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss fyrir gott starf og sanngjarnar kröfur til bæjarstjórnarinnar.

Hafsteinn Pálsson, í framkvæmdastjórn ÍSÍ, flutti kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar og starfsfólks. Óskaði heimamönnum til hamingju með aðstöðuna. Þakkaði gott samstarf ÍSÍ og FRÍ. Sagði að í ár ætti ÍSÍ 100 ára afmæli. Hvatti sambandi til að nota það tilfelli til að vekja athygli á því góða starfi sem er unnið vítt og breitt um hreyfinguna. Sagði

að Vilhjálmur Einarsson hefði verið fyrsti einstaklingurinn sem tekinn væri inn í heiðurshöllina. Ræddi um Ólympíuleikana og að tveir frjálsíþróttamenn hefðu nú þegar tryggt sér keppnisrétt. Minntist á fyrirtæki hreyfingarinnar, Íslenska getsþá og Íslenskar getraunir. Miklvægt væri að halda vöku sinni varðandi rekstur þeirra. Minntist á almenningsíþróttaverkefni Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna og Kvannahlaupið, sem væru alltaf að stækka. Sæmdi að lokum Stefán Halldórsson gullmerki ÍSÍ.

Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, þakkaði fyrir boð á þingið og færði kveðjur frá stjórn og starfsfólki Ungmennafélags Íslands. Sagði hún að UMFÍ hefði lengi átt góða samleið með Frjálsíþróttasambandinu. Bætt aðstaða væri komin nú víða um land sem ætti eftir að skila sér í auknu og öflugra starfi. Þakkaði hún FRÍ fyrir gott samstarf við UMFÍ. Næst ræddi hún um Frjálsíþróttaskólann sem hefði verið starfræktur á sex stöðum á síðasta ári. Samstarfið væri af hinu góða. Þjálfaramálin væri það sem helst brynni á félögum um allt land. Það væri verðugt verkefni nýrrar stjórnar FRÍ að fást við. Hún minntist á mannvirkjaráðstefnu FRÍ og kvað ungmennafélaga hafa lagt gott til ráðstefnunnar. Ráðstefnan hefði verið FRÍ til sóma. Hún sagði að miklar framfarir væru í frjálsum og margir efnilegir sem hafa komið fram undanfarið. Öllum hlakkar til að fylgjast með keppendum okkar á Ólympíuleikunum. Að lokum færði hún FRÍ og þinginu heilla, sem og þingfulltrúum í störfum þeirra heima í héraði.

## Afhending heiðursviðurkenninga

Stefán Halldórsson, formaður FRÍ, afhenti viðurkenningar og greindi frá helstu afrekum þeirra einstaklinga sem fengu afhentar viðurkenningar.

Stjórn FRÍ samþykkti að gera Finnbjörn Þorvaldsson að heiðursfélaga FRÍ. Stefán formaður afhendi honum innrammað heiðurskjal af því tilefni.

Erla Gunnarsdóttir fékk afhent sérstaka heiðursviðurkenningu frá Frjálsíþróttasambandi Evrópu fyrir einstakt framlag konu til frjálsíþróttar.

Jónas greindi frá því að samþykkt hefði verið að færa bæjarstjórn Árborgar sérstakar þakkir fyrir frábæra uppbyggingu íþróttamannviekrja á Selfossi. Ari Thorarensen þakkaði fyrir hönd sveitarfélagsins.

Gullmerki FRÍ fengu afhent: Arnór Sigurðsson FRÍ/Breiðabliki, Bogi Sigurðsson KR, Kári Jónsson HSK/ÍF, Þorsteinn Sigurðsson ÍR/USAH, Vésteinn Hafsteinsson ÍR/HSK, Sigurður Jónsson HSK og Hafsteinn Jóhannesson UMSK.

Silfurmerki FRÍ fengu afhent: Engilbert Olgeirsson HSK, Friðrik Steinsson UMSS, Guðlaug Baldvinsdóttir Umf. Fjölni, Haukur Valtýsson UMFÍ/UFA, Sigríður Anna Guðjónsdóttir HSK, Sigrún Sveinsdóttir Ármanni, Sigurbjörn Árni Arngrímsson RUV/HSP og Torfi Helgi Leifsson hlaup.is.

Bronsmarki FRÍ: Áslaug Ívarsdóttir ÍR, Freyr Ólafsson Ármanni/HSK, Friðrikka Illuga-dóttir HSP, Gunnlaugur Júlíusson Ármanni, Jón Jónsson HSK, Lovísa Hreinsdóttir Umf. Hetti, Martha Erntsdóttir ÍR, Ólafur Guðmundsson FRÍ/HSK, Óskar Ármannsson ÍR, Steinn Jóhannsson FH, Súsanna Helgadóttir FH, Þórður Arason, Breiðabliki og Þuríður Ingvarsdóttir Umf. Selfoss.

Íþróttafrek ársins 2011:

- Óvæntasta afrekið: Kári Steinn Karlsson.
- Mestu framfarir: Aníta Hinriksdóttir.
- Besta afrek unglings 20 ára og yngri: Helga Margrét Þorsteinsdóttir.
- Besta spretthlaupsafrek/Jónsbikarinn: Hrafnhildur Eir Hermóðsdóttir.
- Frjálsíþróttakarll 2011: Kári Steinn Karlsson.
- Frjálsíþróttakona 2011: Ásdís Hjálmsdóttir.
- Frjálsíþróttamaður ársins 2011: Ásdís Hjálmsdóttir.

Hafsteinn Pálsson afhenti Stefáni Halldórssyni gullmerki ÍSÍ fyrir störf hans fyrir frjáls-íþróttahreyfinguna. Stefán formaður færði ÍSÍ þakkar fyrir heiðurinn.

Stefán greindi frá gjöf sem FRÍ barst frá Frjálsíþróttavinum, en það er innrömmuð myndasería gerða af Ingólfi Steinssyni með metstökki Vilhjálms Einarssonar þegar hann setti Íslandsmet í þristökki á Laugardalsvelli árið 1960. Myndirnar eru unnar úr kvikmynd sem Tómas Zoega tók á Meistaramóti Íslands, þar sem Vilhjálmur setti metið.

## Álit kjörbréfanefndar

Sigurður Ingvarsson lagði fram álit kjörbréfanefndar. Mættir voru 50 fulltrúar frá UFA, UÍA, UMSB, UMSK, UMSE, ÍBR, ÍBH, UMSS og HSK, en 116 fulltrúar áttu rétt til setu á þinginu. Kjörbréf samþykkt.

## Skýrsla stjórnar – framhald

### Formaður hélt áfram að að ræða skýrslu stjórnar:

Fjármál. Fjárhagsstaðan var erfið eftir síðasta þing. Hefur að sumu leyti tekist að vinna sig út úr fjárhagsvandráðum en ekki tekist að vinna sig út úr skuldavanda sambandsins. Útgjöld sambandsins eru mikil. Afreksstarfið vegur þungt einkum þegar stór keppnisár koma. Fjárstreymi til FRÍ frá félögunum vegna mótaþátttöku er minna en kostnaður FRÍ af mótunum. Aukaþing var haldið í febrúar 2011 vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Þar voru ræddar leiðir til að leysa fjárhagsvandann. Létt ár er framundan 2012 og því e.t.v. hægt að létta skuldavandann. Næsta ár er mun erfiðara fjárhagslega og þarf að leysa það með nýrri fjárhagsáætlun.

Félagsstarfið. Fagnaði því að fleiri nefndir væru komnar til starfa en hefði vilja sjá meira starf. Hefði viljað virkja betur sambandsaðila og sagði að erfitt væri að manna stjórn sambandsins. Taldi nauðsynlegt að sambandsaðilar skoðuðu betur gildi þess að þeir legðu starfinu lið. Þarf að breyta því þannig að sambandsaðilar upplifi mikilvægi þess að vinna fyrir sambandið.

Framtíðarsýn/frumkvæði/framfarir. Kallaði eftir fleiri hugmyndum og málum frá sambandsaðilum. Ekki væri nógu gott að það komi bara frá stjórn FRÍ. Lagði áherslu á að margt byggji í hreyfingunni en við þyrftum að finna leiðir til að ná því fram og ná enn betri árangri í framtíðinni.

### Reikningar fyrir árin 2010 og 2011 lagðir fram.

Hannes Strange, gjaldkeri FRÍ, lagði reikningana fram. Sagði hann að reksturinn hefði verið í járnnum en rekstrarreikningar bæði árin hefðu skilað nokkur hundruð þúsund krónum í hagnað. Stærsta vandamálið væri að ekki hefði verið hægt að greiða niður skuldir. Sagði að ekki væri rétt að FRÍ væri að greiða RÚV fyrir sýningarétt frá Demantamótum.

## Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Helgi Haraldsson sagði að Frjálsíþróttasambandið væri ekkert annað þau félögin sem það myndaði. Sagði að erfið fjárhagsstaða hefði áhrif á hvernig gengi að fá fólk í stjórn sambandsins. Sagði einnig að félögin væru mikið í því að sjá um sína félag, hjálpa þeim að komast á mót o.fl. Ekki væri mikið verið að spá í FRÍ og rekstur þess. Sagði að breyta yrði ýmsum málum varðandi FRÍ, t.d. gangi það ekki að sambandsaðilar skulduðu sambandinu milljónir. Því yrði að breyta.

Kári Jónsson þakkaði stjórn FRÍ og framkvæmdastjóra samstarf frjálsíþróttanefndar fatlaðra og FRÍ. Sagði frá störfum yfirdómara frá Alþjóðasambandi fatlaðra sem hefði komið á MÍ á Selfossi í sumar. Sagði að þessi mál væru í sjálfu sér ekki flókin en skiptu fatlaða miklu máli. Hrósaði innanhússmótum í frjálsum og sagði að margir foreldrar hefðu sótt þau.

Hlynur Chadwick Guðmundsson sagði að það væri betra að leggja skatt á félagi til að brúa bil í fjármálum heldur en að selja happdrættismiða. Ræddi einnig kostnað vegna þátttöku í mótum erlendis og hvernig væri hægt að stýra honum með þátttöku.

Guðmundur Kr. Jónsson sagði að það væri hneyksli að FRÍ væri að borga RÚV fyrir sýningarétt frá Demantamótunum. Þyrftum að spyrna við fótum og hætta þessu.

Freyr Ólafsson óskaði stjórn FRÍ til hamingju með glæsilega ársskýrslu. Sagði að samstarf sitt við formann FRÍ hefði verið gott. Benti á að nú þyrftu menn að stíga út fyrir rammann og leysa fjárhagsmál sambandsins.

Friðrik Steinsson ræddi um fjármál sambandsins. Vildi vita hvernig innheimtu til félaganna væri háttað. Taldi eðlilegt að félögin gerðu upp skuldir sínar upp sem fyrst. Ræddi um íþróttamót og sagði að hægt væri að nýta þau til þess að afla tekna.

Jónas Egilsson útskýrði kostnaðarútreikninga vegna Evrópubikarsins og reglur FRÍ um uppgjör vegna mótahalds.

Bryndís Baldursdóttir ræddi um greiðslu til RÚV vegna sýninga frá mótum.

**Reikningur 2011 lagður fram og samþykktur samhljóða.**

**Reikningur 2012 lagður fram og samþykktur samhljóða.**

## **Tillögur**

### **Fjárhagsáætlun lögð fram, þskj. 1.**

Hannes Strange lagði fram áætlun fyrir 2012 og 2013 ásamt greinargerð. Vísað til fjárhagsnefndar.

### **Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum**

Mótaskrá FRÍ 2013. Ólafur Guðmundsson lagði fram.

Ásbjörn Karlsson mælti fyrir tillögum 3 og 4. Vísað til laganevndar.

Sigurður Pétur Sigmundsson mælti fyrir tillögum 14, 18 og 23. Tillögunum vísað til allsherjarnefndar.

Stefán Halldórsson lagði fram tillögu að ályktun um kjör íþróttamanns ársins.

Gunnlaugur Júlíusson lagði fram tillögur 11, 12 og 13. Tillögu 11 vísað til laganevndar og tillögum 12 og 13 til allsherjarnefndar

Tillögu 2 vísað til allsherjarnefndar

Tillögum 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 11 vísað til laganefndar  
Tillögum 14 og 15 vísað til allsherjarnefndar  
Tillögum 16 og 17 vísað til fjárhagsnefndar  
Tillögum 18, 19 og 20 vísað til allsherjarnendar  
Tillögu 21 vísað til frjárhagsnefndar  
Tillögum 22, 23, 24 og 25 vísað til allsherjarnefndar

## Kl. 21:00 hófust nefndastörf

LAUGARDAGUR 17. MARS

## Kl. 10:30. Afgreiðsla mála

Ásbjörn Karlsson lagði fram tillögur frá laganefnd.

### Þingskjal nr. 3.1

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

### TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á LÖGUM FRÍ

58. Frjálsíþróttaping, haldið á Selfossi 16. og 17. mars 2012, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum FRÍ:

6. gr.

Tímasetning og boðun.

Frjálsíþróttaping skal haldið í mars eða apríl hvert ár sem endar á jafnri tölu. Skal þingið boðað með formlegum hætti með minnst ~~mánaðar~~ **sex vikna** fyrirvara. **Fundarboð skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúum á þingið.**

Þingið skal standa í tvo daga og ákvarðar stjórn fundarstað. Heimilt skal að halda þingið á einum degi, enda sé það samþykkt í upphafi þingsins með meirihluta greiddra atkvæða, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Frjálsíþróttapingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað, sbr. 1. mgr.

7. gr.

Dagskrá.

Sambandsaðilar skulu tilkynna FRÍ minnst ~~fjórta~~ **þremur vikum** fyrir þing um ályktunartillögur og tillögur að breytingum á reglugerðum (sjá þó 2. ml.), sem þeir óska eftir að teknar verði fyrir á þinginu. Lagabreytingartillögur og tillögur að breytingum á keppnisreglum skulu hafa borist FRÍ minnst ~~mánuði~~ **fjórum vikum** fyrir þing.

Stjórn FRÍ skal tilkynna sambandsaðilum skriflega dagskrá þingsins og efni tillagna sem ræða á á þinginu í síðasta lagi ~~sjö dögum~~ **tveimur vikum** fyrir þing.

Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Þetta á þó ekki við lagabreytingar eða breytingar á keppnisreglum.

### **Greinargerð**

Á Íþróttabingi ÍSÍ 2011 voru samþykktar breytingar á lögum ÍSÍ. Þær lúta m.a. að samskiptum sérsambanda og aðila þeirra í tengslum við boðun á sérsambandsþing. Í lögum ÍSÍ segir nú m.a. í 48. gr:

„Í lögum sérsambanda skulu vera ákvæði um eftirfarandi:

a) Fundarboð skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa / fulltrúum á þingið samkvæmt lögum viðkomandi sérsambands.

d) Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skuli senda viðkomandi aðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.“

Hér eru lagðar til breytingar á lögum FRÍ til að uppfylla þessar kröfur laga ÍSÍ.

Laganefnd FRÍ leggur einnig til eftirtaldar breytingar á tímasetningum.

a) Allir tímafyrirvarar verði tilgreindir í vikum, í stað daga, vikna og mánaðar.

b) Ályktunartillögur og tillögur að breytingum á reglugerðum: 3 vikur í stað 14 daga. Þetta er gert vegna breytingarinnar á útsendingatíma gagna fyrir þing úr 7 dögum í 2 vikur.

c) Boðun þings (fyrra fundarboð): 6 vikur í stað mánaðar. Eðlilegt hlýtur að teljast, að til þings sé boðað áður en frestur til að leggja fram lagabreytingartillögur rennur út. Í raun hefur það líka tíðkast að boða til þings mun fyrir en lögin krefjast.

#### Þingskjal nr. 4.1

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

#### TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á 27. REGLUGERÐ UM KASTÁHÖLD OG GRINDUR

Frjálsíþróttabing FRÍ, haldið á Selfossi 16. - 17. mars 2012, samþykkir eftirfarandi breytingar á Reglugerð 27 um kastþyngdir og grindur:

Tafla í 1. gr. reglugerðarinnar breytist þannig að eftirfarandi komi fram:

Kastþyngdir í flokki 16 -17 ára stúlkna skulu vera eftirfarandi:

Kúluvarp:	3 kg (áður 4 kg).
Kringlukast:	1 kg (óbreytt).
Spjót kast:	500 g (áður 600 g).
Sleggjukast	3 kg (áður 4 kg).

### **Greinargerð**

Stjórn IAAF ákvað á fundi sínum vorið 2011 að breyta þyngdum áhalda í 16-17 ára aldursflokkum stúlkna. Þessi breyting tók gildi á alþjóðlegum mótum frá og með 1. nóvember á síðasta ári.

Stjórn FRÍ ákvað á fundi sínum 27. okt. sl. að þessar reglur giltu einnig hér á landi og þær tækju gildi frá og með 1. janúar 2012.

Þessi tillaga er flutt til staðfestingar á þeirri ákvörðun.

#### Þingskjal nr. 8.1

Nefndin leggur fram nýja tillögu með áorðnum breytingum.



## TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á 13. REGLUGERÐ UM ÍPRÓTTAMANNANEFND

Frjálsíþróttaping FRÍ, haldið á Selfossi 16.-17. mars 2012, samþykkir eftirtaldar breytingar á reglugerðinni, yfirstrikun þýðir brottfall, en feitletrun innskot:

### 1. gr.

Skipan nefndar.

Nefndin skal skipuð fimm íþróttamönnum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Að hafa keppt á Meistaramóti Íslands eða Bikarkeppni FRÍ, keppt fyrir Íslands hönd á vegum FRÍ að minnsta kosti ári áður en þeir taka sæti í nefndinni.

Í nefndinni skulu vera að minnsta kosti tveir karlar og tvær konur, eitt þeirra skal vera formaður nefndarinnar.

**Minnst 7 dögum fyrir Meistaramót Íslands utanhúss, sama ár og Frjálsíþróttaping fer fram, skulu félög mega sambandsaðilar tilnefna tvo íþróttamenn, einn karl og eina konu, úr sínum röðum til framboðs. Keppendur á Meistaramóti Íslands skulu kjósa mest 5 einstaklinga úr hópi tilnefndra í nefndina. Þeir sem flest atkvæði hljóta taka sæti í íþróttamannanefnd. Hljóti fleiri en einn íþróttamaður úr sama félagi tveir íþróttamenn frá sama aðila atkvæði skulu aðeins gilda atkvæði þess sem flest fleiri atkvæði hlýtur.**

~~Nefndin skal kosin úr hópi gjaldgengra íþróttamanna á Meistaramóti Íslands utanhúss, sama ár og Frjálsíþróttaping fer fram.~~

~~Aðeins einn íþróttamaður úr hverju félagi er kjörgengur á þeim degi sem kosning fer fram. Hljóti fleiri en einn íþróttamaður úr sama félagi atkvæði skulu aðeins gilda atkvæði þess sem flest atkvæði hlýtur. Íþróttamaður sem skiptir um félag missir þó ekki rétt sinn til setu í nefndinni, þó svo að annar íþróttamaður úr sama félagi sambandsaðila sé í nefndinni.~~

### 2. gr.

Hlutverk og starfssvið

Hlutverk nefndarinnar er að sinna hlutverki „Athletes' Commission,“ skv. ákvörðun EAA og IAAF, þ.m.t. að taka þátt í kjöri íþróttamanna í „Athletes' Commission“ hjá báðum samböndunum og fleiri verkefni eftir því sem það á við.

Að vera stjórn FRÍ ráðgefandi um málefni íþróttamanna. Þetta á þó ekki við um val í landslið, úrvalshópa eða fararstjóra í ferðir á vegum FRÍ.

Nefndin skal hafa afnot af skrifstofu og aðgang að starfslíði sambandsins í samráði við formann eða framkvæmdastjóra. **Fulltrúi nefndarinnar skal eiga rétt til að sitja fundi stjórnar FRÍ, þegar fjallað er um mál sem tengjast starfssviði nefndarinnar.**

### Greinargerð

Þessar breytingartillögur eru settar fram til að tryggja að þeir aðilar sem kosnir eru í nefndina hafi áhuga á að sinna störfum hennar og þar með efla íþróttanefnd til muna.

### Þingskjal 9

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

## TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á

### 11. REGLUGERÐ UM FÉLAGASKIPTI OG ALÞJÓÐLEGAN KEPPNISRÉTT

Frjálsíþróttaping FRÍ, haldið á Selfossi 16.-17. mars 2012, samþykkir eftirtaldar breytingar á Reglugerð um félagaskipti og alþjóðlegan keppnisrétt:

#### 2. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Heimilt er íþróttamönnum, 15 ára og eldri, að keppa fyrir tvö íslensk félög í frjálsíþróttum á sama almanaksári. Íþróttamaður sem keppt hefur fyrir íslenskt félag á árinu, en hyggst skipta um félag, þarf að ganga frá félagaskiptum á tímabilinu 15.-31. maí.

### **Greinargerð**

Með breytingunni er opnaður félagaskiptagluggi sem gerir íþróttamanni mögulegt að skipta um félag, t.d. ef ágreiningur kemur upp, hann hefur flutt milli staða, eða aðrar ástæður eru til staðar.

#### *Þingskjal 10.1*

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

#### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 32.2. REGLUGERÐ UM BIKARKEPPNI FRÍ INNAHÚSS

Frjálsíþróttaping, haldið 16. – 17. mars 2012 á Selfossi, samþykkir svohljóðandi breytingu á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ innanhúss, varðandi keppnisgreinar:

##### 1. gr.

Breyting á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ innanhúss þess efnis að 3000 m hlaup komi í stað 1500 m hlaups. Greinin hljóði svo:

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar eru (bæði kyn): 60 m hl., 60 m gr.hl., 200 m hl., 400 m hl, 800 m hl., 3000 m hl., hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4×400 m boðhlaup.

##### 2. gr.

Þessi breyting tekur gildi nú þegar.

### **Greinargerð**

Þegar Bikarkeppni FRÍ innanhúss var fyrst skipulögð voru keppnisgreinar þessa eins dags móts m.a. settar upp með það í huga að keppnin gæfi til kynna breidd keppnisliðanna, væri sjónvarpsvæn og tæki aðeins fáar klukkustundir í framkvæmd. Því var keppni í 1500 m hlaupi valn sem keppnisgrein auk 800 m hlaups. Sýnt þykir að keppni í 3000 m hlaupi ásamt keppni í 800 m hlaupi sýni betur breidd keppnisliðs heldur en keppni í 1500 m hlaupi. Þar sem fréttamiðlar sýna mjög takmarkað frá mótinu ætti það ekki að koma að sök þó að 1500 m hlaupi sé breytt yfir í 3000 m hlaup.

#### *Þingskjal 11.1*

Nefndin leggur fram nýja tillögu með áorðnum breytingum.

*Tillaga laganefndar þingsins í samráði við flutningsaðila, Gunnlaug Júlíusson.*

#### TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á 30. OG 31. REGLUGERÐUM UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS

Lagt er til að í grein „3. Verðlaun“ í reglugerðum FRÍ nr. 30 og 31, sem fjalla um framkvæmd meistaramóta í frjálsíþróttum, komi nýr liður; liður 3.9:

##### **Liður 3.9.**

*Birt skal yfirlit um fjölda gull-, silfur-, og bronsverðlauna sem hvert félag vinnur í öllum aldursflokkum karla og kvenna, og samanlagt. Fyrst skal raðað eftir fjölda gullverðlauna, ef tvö félög eru jöfn, skal þeim raðað eftir fjölda silfurverðlauna og loks skal raða eftir bronsverðlaunum á sama hátt.*

Umræður um tillögur laganefndar.

Fríða Rún Þórðardóttir ræddi um tillögu 8 skv. 2. gr. og velti fyrir sér hver ætti að boða einstaklinga.

Ásbjörn sagði að stjórn FRÍ ætti að boða einstaklinga og hafa umsjón með því.

Sigurður Haraldsson mælti gegn tillögu 9 og lagði til að reglugerðin yrði höfð óbreytt.

Þingforseti áréttaði að breytingartillögur yrðu að koma fram skriflega.

Þingskjal 3.1 samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4.1 samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8.1 samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9.1 felld með 14 atkvæðum gegn 10.

Þingskjal 10.1 samþykkt samhljóða.

Þingskjal 11.1 samþykkt samhljóða.

## Gunnlaugur Júlíusson lagði fram tillögur allsherjarnefndar.

### Þingskjal 2.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Mótaskrá FRÍ 2013			
Innanhúss			
Mót / Framkv.aðili	Staður	Land	
<b>Janúar:</b>			
6.-7.??	Reykjavíkurmestaramót 15 ára og eldri	Laugardalshöll	FÍRR
6.	HSK mót 11-22 ára (aldursfl_ungl.)	Laugardalshöll	HSK
8.	Héraðsmót HSK fullorðnir dagur 1	Laugardalshöll	HSK
12.-13.	MÍ í fjölþrautum	Laugardalshöll	Ísland
12.-13.	MÍ Öldunga	Laugardalshöll	Ísland
15.	Héraðsmót HSK fullorðnir dagur 2	Laugardalshöll	HSK
19.-20.	Reykjavík International	Laugardalshöll	FRÍ/FÍRR
26.-27.	Stórmót ÍR	Laugardalshöll	ÍR
<b>Febrúar:</b>			
2. - 3.	MÍ 15–22 ára	Laugardalshöll	Ísland
09. - 10.	MÍ aðalhluti	Laugardalshöll	Ísland
16.	Bikarkeppni FRÍ	Laugardalshöll	FRÍ/félög
23. - 24.	MÍ 11-14 ára	Laugardalshöll	Ísland
<b>Mars:</b>			
1. - 3.	Evrópumeistaramótið í frjálsum inni	Gautaborg	Svíþjóð
3.	Hérðsleikar HSK 10 ára og yngri		HSK
13. ??	Reykjavíkurmestaramót 10 ára og y.	Laugardalshöll	Ármann
09.-10.	Vetrarkastmót EAA	??	??
22. - 23.??	Reykjavíkurmestaramót 11-14 ára.	Laugardalshöll	Ísland
24.	Heimsmeistaramót í Víðavangshlaupum	Bydgoszcz	Póllandi
<b>Apríl:</b>			
??	Víðavangshlaup ÍR	Reykjavík	ÍR
<b>Mái:</b>			
??	Skólaþríþraut FRÍ úrslitakeppni	Laugardalshöll	FRÍ

<b>Mái:</b>			
5.	Víðavangshlaup Íslands		Ísland
6-7?	Reykjavíkurmestarmót 10 ára og y.	Laugardalsvöllur	Ísland
18.	Vormót HSK	Selfossvöllur	HSK
18.	NM - 10.000m		Svíþjóð
??	J.J. Mót Ármanns	Laugardalsvöllur	Árman
<b>Júní:</b>			
30.-31.5.??	Reykjavíkurmestarmót 15 ára og e.	Laugardalsvöllur	Fjöltnir
8.	Evrópubíkar í 10.000 m hlaupi	Pravets	Búlgarí
6. - 7.	MÍ í fjölþrautum		Ísland
6. - 7.	MÍ í 5 og 10 km hlaupum		Ísland
6. ??	Vormót Fjöltnis 11-14 ára	Laugardalsvöllur	Fjöltnir
5. ??	Vormót ÍR	Laugardalsvöllur	ÍR
??	Landsmót UMFÍ 50+	??	Ísland
12.	Kastmót + fleiri greinar??	Kaplakríki	FH
15.	Aldursflokkamót HSK 11 - 14 ára	Þorlákshöfn	HSK
15.	Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri	Þorlákshöfn	HSK
15. - 16.	NM unglínga 16-22 ára fjölþrautum		Svíþjóð
18. - 19.	Héraðsmót HSK fullorðina	Selfossvöllur	HSK
21. - 23. ?	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	UMFA
22. - 23.	Evrópukeppni Landsliða (gamli EB)	??	??
25.	Unglingamót HSK 15-22 ára		HSK
29.-30.	Evrópubíkarkeppni Landsliða í fjölþrautum, 2. deild		Ísland ?
29.-30.	MÍ 11-14 ára		Ísland
<b>Júlí:</b>			
4. - 7.	Landsmót UMFÍ	Selfoss	HSK
5. - 7. ??	Gautaborgarleikar	Gautaborg	Svíþjóð
10. - 18.	HM fullorðinna	Moskvu	Rússland
10. - 14.	HM unglínga 17 ára og yngri (16-17 ára)	Donetsk	Ukraina
11. - 14.	EM 22 ára og yngri	Tampere	Finnland
14. - 19.	Ólympíudagar æskunnar 17 ára og yngri	Utrecht	Holland
18. - 21.	EM 19 ára og yngri	Rieti	Ítalía
25.	Miðsumarmót HSK	Selfossvelli	HSK
13.-14.	MÍ Aðalhluti	Ísland	
27.-28.	MÍ Öldunga	Ísland	
27.-28. ??	Gaflarinn hjá FH	Hafnarfjörður	FH
<b>Ágúst:</b>			
2. - 5.	Unglingalandsmót UMFÍ	Höfn í Hornafirði	Ísland
10. - 11.	MÍ 15-22 ára		Ísland
15.	Mótaraðamót: valdar greinar.	???	Ísland??
14. - 15.??	Reykjavíkurmestarmót 11-14ára	Laugardalsvöllur	Ísland
17.	Reykjavíkurmaraþon	Reykjavík	Ísland
18.	Bíkarkeppni FRÍ 15 ára og yngri		Ísland
24. - 25.	Bíkarkeppni FRÍ 1. deild		Ísland
24. - 25.	NM 19 ára og yngri		Finnland
31.8.-1.9.	Akureyrarmótið	Hamarsvöllur	UFA
<b>September:</b>			
3.	Kastþraut Óla Guðmunds	Selfossvöllur	HSK
7.	Brúarhlaup Selfoss	Selfossi	Ísland
14.-15. ??	Fjölþrautarmót 11-15 ára	Borgarnesi	UMSB
28.	Bronsleikar ÍR	Laugardalshöll	ÍR
<b>Október:</b>			
<b>Nóvember:</b>			
9.	NM í víðavangshlaupum		Ísland ?

23. ??	Silfurleikar ÍR	Laugardalshöll	ÍR
Desember:			
8.	EM í víðavangshlaupum	Belgrad	Serbía
31.	Gamlárshlaup ÍR	Reykjavík	ÍR

Skýringar með litum:

**Rauðlitað:** Meistarmót og Bikarkeppnir FRÍ tillaga

Blálitað: mót, sem eru ákveðin.

Fjólublátt: Mót á erlendri grundu sem eru ákveðin

## Þingskjal 12

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

### TILLAGA AÐ REGLUM UM OFURHLAUP

#### I. Reglur um framkvæmd ofurhlaupa

1. Mæling
  - a. Vegalengd sú sem hlaupin er skal ef mögulegt er mæld af mælingamönnum sem hafa lokið formlegu mælinganámskeiði sem haldið er á vegum FRÍ eða annars álíka aðila.
2. Upplýsingar um hlaupaleið
  - a. Hlauparar skulu í aðdraganda hlaupsins og við rásmark hafa aðgengi að korti eða öðrum þeim upplýsingum sem lýsa legu hlaupsins.
  - b. Hlaupaleið skal merkt vel og greinilega eftir því sem þörf krefur þannig að viðkomandi hlauparar eigi auðvelt með að átta sig á legu hennar.
  - c. Hlaupaleið skal ekki skipulögð þar sem ákveðnir kaflar eru hættulegir. Við slíkar aðstæður, ef þær eru til staðar, skal viðhafa sérstaka varúð og góðar merkingar.
  - d. Hæðarbreytingar sem eru meiri en 10 m í 24 klst hlaupi og 25 metrar í 100 km hlaupi skulu skráðar inn á kortið.
  - e. Ef nauðsynlegt er talið á að gefa út þverskurð af hæðarbreytingum í hlaupinu.
  - f. Hlaup skulu skipulögð ef unnt er á brautum sem eru lausar við umferð ökutækja.
  - g. Ef hlaup fer fram í næturmyrkri skal gæta fyllsta öryggis og merkja hlaupaleiðina vel og greinilega.
3. Framkvæmd hlaups
  - a. Hlaup skal samstanda af keppnishlaupi karla og keppnishlaupi kvenna. Aldursflokkar skulu skipaðir eftir ákvörðun framkvæmdaaðila.
  - b. Keppnishlaup karla og keppnishlaup kvenna er sitt hvort hlaupið enda þótt þau hefjist og ljúki á sama tíma.
  - c. Hlaupurum sem eru yngri en 18 ára er ekki heimilt að keppa í 100 km hlaupi, 24 klst hlaupi, 50 km hlaupi eða í öðrum ofurmarathonhlaupum.
  - d. Notkun útvarps eða lítilla hljómtækja með heyrnartólum er heimil í hlaupum ef brautin er frí frá allri umferð ökutækja
  - e. Hlauparar skulu hafa númer sitt greinilega uppsett. Hægt er að mæla fyrir um að hver hlaupari noti tvö númer, eitt að framan og eitt að aftan.
  - f. Heimilt er að hafa númer fest við sérstök bönd sem gerir fataskipti fljótari í mjög löngum hlaupum.
4. Tímamælingar.
  - a. Tími skal mældur frá því hlaup hefst og þar til hlaupari fer yfir marklínu við lok hlaups eða þegar gefnum tíma til að ljúka hlaupi lýkur.
  - b. Tímamæling skal helst vera rafræn með þar til gerðum útbúnaði.
5. Sé tímamæling gerð með handtöku skal þannig að henni staðið að árangur í hlaupi sé óvæfengjanlegur.
6. Stuðningur við hlaupara
  - a. Hlauparar mega ekki fá aðstoð frá utanaðkomandi aðilum nema á formlegum drykkjarstöðvum.

- b. Hlaupara er óheimilt að þiggja aðstoð umfram það sem almennt gerist frá öðrum sem ekki taka þátt í hlaupinu s.s. hvað varðar meðhlaup og vindbrot. Hlaupara er óheimilt að láta aðra einstaklinga halda á drykkjum, vistum, fatnaði eða öðrum nauðsynjum í hlaupinu. Gildir einu hvort um er að ræða skráða hlaupara eða utanaðkomandi aðila.
  - c. Aðstoð er heimil ef um öryggismál er að ræða. Hennar getur verið þörf vegna slysa, óhappa, veikinda eða annarra þeirra aðstæðna sem geta varðað öryggi eða heilsu viðkomandi hlaupara.
7. Rásmark
- a. Upphitunarsvæði skal vera aðgengilegt. Marksvæði skal vera rúmt.
8. Búningsaðstaða og salerni
- a. Æskilegt er að hafa búningsaðstöðu sem er nær rásmarki en 1000 m.
  - b. Í borgarhlaupum skal salernisaðstaða vera aðgengileg á fimm km fresti.
9. Hlaupalok
- a. Kynna skal úrslit hlaups eins fljótt og mögulegt er. Það skal gert á viðurkenndan hátt með nöfnum keppenda, þjóðerni og hlaupátíma (í klst, mín og sek)/vegalengd (km og metrum, s.s. 229,221 km)
10. 100 km hlaup / 50 km hlaup.
- a. 100 km hlaup skal skipulagt ef mögulegt er á brautum sem eru 10 km, 20 km eða 25 km langir hringir (eða öðrum vegalengdum sem eru á milli 10 og 25 km).
    - i. Staðlaðar lengdir hlaupahringja af fyrrgreindri gerð tryggja betri aðstæður fyrir aðstandendur og framkvæmdaraðila hlaupsins, fyrir þjálfara og aðstoðarfólk svo og bæta þær öryggi hlauparanna. Þær gera einnig starf stjórnenda og eftirlitsmanna auðveldara.
    - ii. Hlauparar hafa auðveldara aðgengi að persónulegum drykkjum og öðrum nauðsynjum.
  - b. Mælt er með því að merkja brautina á kílómetra fresti frá upphafi til enda. Að lágmarki þarf að merkja brautina á eftirfarandi hátt: 1 km, 5-10-15,...95 km; 42,195 km, 99 km.
  - c. Æskilegt er að upplýsa um framvindu hlaupsins eftir hverja 10 km og eftir 42,195 km (ef hægt er).
11. Drykkir og næring á meðan á hlaupi stendur
- a. Drykkir og næring skulu vera aðgengileg á am.k. 5 km fresti.
  - b. Ef veðurfar er erfitt er æskilegt að hafa drykkjarstöðvar þéttar.
  - c. Merkja skal drykkjarstöðvasvæði sérstaklega. Tryggja þarf að óviðkomandi aðilar séu ekki fyrir hlaupurum á drykkjarstöðvasvæðinu.
  - d. Drykkir og orka skulu einnig vera til staðar við upphaf og endi hlaups.
  - e. Ef mögulegt er skal staðsetja drykkjarstöð hægra megin við hlaupabraut.
  - f. Dæmi um það sem æskilegt er að hafa á drykkjarstöðvum: Vatn, gosdrykkir án kolsýru, orkudrykkir, bananar og aðrir ávextir. Kóladykkir, sykur, salt, kex og fleira þ.h.
  - g. Ruslafötur skulu vera við mörk drykkjarsvæðis.
  - h. Tryggja skal aðstöðu fyrir hlaupara að hafa persónulega drykki og aðra næringu á öllum drykkjarstöðvum. Framkvæmdaaðilar hlaupsins skulu leggja til borð í þessum tilgangi.
    - i. Afhenda verður persónulega drykki og næringu með nægum fyrirvara fyrir hlaup til að hægt verði að koma þeim á tilsetta staði ef þörf er á. Ef hlauparar frá fleiru en einu landi taka þátt í hlaupinu er rétt að hafa persónulega drykki og næringu sundurgreinda eftir löndum með góðum merkingum.
    - j. Starfsfólk og /eða aðstoðarmenn mega rétta hlaupurum drykki og næringu. Gæta skal að því að trufla ekki aðra hlaupara á meðan á því stendur.
    - k. Starfsfólk og / eða aðstoðarmenn mega aðstoða hlaupara við skipti á skóm og fötum.
    - l. Starfsfólk og /eða aðstoðarmenn mega aðstoða hlaupara við meðhöndlun á blöðrum og minni sárum, með nuddi og annarri líkamlegri aðstoð.
    - m. Veita má allar upplýsingar um stöðu annarra hlaupara.
12. 24 tíma hlaup eða önnur hlaup af ákveðinni tímalengd
- a. Lengd hringsins sem hlaupið er á skal ekki vera mikið styttri en um 1.000 metra löng og ekki lengri en um 2.500 m.

- b. Hægt er að hafa fyrirkomulagið þannig að hlaupinn sé styttri hringur síðasta hálf-tímamann eða svo ef skipuleggjendur vilja. Sú breyting verður að vera mæld nákvæmlega.
- c. Merkja þarf einn kílómetra frá marki svo keppendur geti mælt hraða sinn.
- d. Hlaupum sem taka 6 klst, 12 klst, 24 klst eða 48 klst og sex daga hlaupum skal ljúka nákvæmlega þegar uppgefinn tími er liðinn frá upphafi hlaups: (06klst:00 mín:00sek), (012klst:00 mín:00sek), (024klst:00 mín:00sek), (048klst:00 mín:00sek), (144klst:00 mín:00sek). Engar undantekningar eru gerðar frá þessari reglu s.s. vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna.
- e. Merki um hlaupalok skulu gefin á skýran og greinilegan hátt sem heyrir um alla hlaupabrautina svo sem með lúðri eða byssuskoti svo að óumdeilanlegt er. Hægt er að hafa aðra aðferð ef brautin er það stór að hljóð heyrir ekki um hana alla. Kynna verður aðferðina vel fyrir keppendur fyrir upphaf hlaups.
- f. Hlaupin vegalengd skal mæld hjá hverjum hlaupara eins nákvæmlega og kostur er með því að telja hlaupna hringi og leggja þar við þá vegalengd sem er umfram síðasta heila hring.
- g. Hlauparar í 24 klst hlaupi og öðru hlaupum sem taka fastákveðinn tíma mega hvíla sig á meðan á hlaupi stendur eins lengi og eðlilegt er talið. Þær hvíldir má taka hvar sem er á hlaupahringnum. Þær skulu hefjast og þeim skal ljúka á sama stað á hringnum. Langar hvíldir skulu tilkynntir framkvæmdaaðila og þær skulu hefjast og þeim skal ljúka við marklínu.
- h. Á minni hringjum í 24 klst hlaupi er skipt um hlaupaátt á hverjum 4 klst eða 6 klst á meðan á hlaupi stendur. Framkvæmdaaðili hlaupsins skal kynna breytingu á hlaupaleið og annast um framkvæmd hennar í hvert skipti þegar hún á sér stað.

## II. Reglur fyrir framkvæmd ofurmarabona utan alfaraleiða (off road hlaup):

1. Hlaup skal kynnt og auglýst með þeim fyrirvara sem nauðsynlegur er til að áhugasamir um þátttöku geti stundað eðlilegar æfingar í aðdraganda þess. Eðlilegur fyrirvari er að lágmarki fimm til sex mánuðir en fer þó nokkuð eftir erfiðleikastigi hlaups.
2. Staðsetning upphafs og lok hlaups skal vera skýr og öllum viðkomandi aðilum ljós. Sömu leiðis skal hlaupaleiðinni lýst á glöggan hátt eða hún skýrð á annan þann hátt að allir þátttakendur standi jafnt að vígi. Aðrar upplýsingar sem mótshaldari veitir hlaupurum skulu vera glöggar og veittar á skýran hátt.
3. Óheimilt er að veita einum þátttakanda aðstoð á meðan á hlaupinu stendur umfram þá aðstoð sem öllum þátttakendum stendur til boða. Undantekningar eru þó gerðar ef um er að ræða öryggismál, slys, sjúkdóma, villu eða annað það ófyrirséð sem komið getur upp á og varðar öryggi hlauparanna.
4. Að öðru leyti setur mótshaldari hverju sinni nákvæmari reglur um framkvæmd hlaupsins. Þær skulu vera öllum hlutaðeigandi aðgengilegar á þeim tungumálum sem nauðsynlegt er talið hverju sinni. Þær skulu taka mið af aðstæðum, fjölda þátttakenda, öryggismálum og öðru því sem eðlilegt er.

## III. Reglur fyrir hlaup á hlaupabretti:

1. Nota skal hefðbundna viðurkennda tegund hlaupabrettis sem er almennt í notkun á líkamsræktarstöðvum.
2. Bretti skal vera stillt í lárétta stöðu á meðan á hlaupinu stendur.
3. Það er ekki heimilt að halda sér í handföng eða styðja sig við hlaupabrettið á meðan á hlaupi stendur.
4. Ef hlaupari ætlar að stíga af hlaupabrettinu skal það ekki gert fyrr en brettið hefur stöðvast.
5. Formleg hlaup á hlaupabretti sem eiga að fá skráðan árangur skulu vera opin almenningi.
6. Hlaupari getur hvílst eftir þörfum á meðan á hlaupinu stendur. Klukkan er hins vegar ekki stöðvuð. Sem dæmi má nefna að ef 24 tíma hlaup hefst kl. 12:00 á laugardegi þá

- lýkur því kl. 12:00 á sunnudegi. Sama gildir með 100 km hlaup að klukkan er ekki stöðvuð frá því hlaupið hefst þar til tilsettri vegalengd er náð.
7. Þegar hlaupin eru vegalengdarhlaup á hlaupabretti (100 km, 100 mílur) þá skulu tveir tímaverðir / trúnaðarmenn vera nærstaddir allan tímann með nákvæma og samræmda tímatöku.
  8. Halda skal sérstaka „loggbók“ yfir hvernig tíminn sem hlaupið stendur yfir er nýttur. Í henni skal meðal annars koma fram yfirlit um þann tíma sem brettið er stöðvað og hlaupari stígur af brettinu, vegalengd sem hlaupin er á hverjum klukkutíma eða sá tími sem tekur að hlaupa hvern klukkutíma eða mílu. Viðstaddir tímaverðir/trúnaðarmenn skulu árita bókina í hvert sinn sem þeir hverfa af vettvangi.
  9. Staðfestingarskjal um árangur hlaupsins skal gefið út í tveimur eintökum að hlaupi loknu áritað af að minnsta kosti tveimur tímavörðum/trúnaðarmönnum.

#### **IV. Reglur fyrir ofurhlaup á hlaupabraut (400 metra braut á íþróttavelli):**

1. Reglur gilda fyrir hlaup af eftirfarandi tegund hlaupa: 6 klst, 12 klst, 24 klst, 48 klst, 72 klst og sex daga hlaup.
2. Hlaup skal ræst á hefðbundinni marklínu vallarins.
3. Vegalengd (hringjafjöldi) skal mæld með rafrænum búnaði ef þess er nokkur kostur.
4. Hlauparar skulu breyta um hlaupastefnu á fjögurra klst fresti. Gefið skal merki þar um á áberandi hátt.
5. Hlauparar mega stíga af brautinni og hætta hlaupinu um stundarsakir hvenær sem þeir vilja. Það skal þó aðeins gert á sérstaklega tilteknu svæði og skal tilkynnt brautarvörðum. Þeir skulu þannig fara yfir tímatökumottu eins fljótt og fært er eftir að þeir hafa hafið hlaup að nýju.
6. Heimilt er að stíga út af brautinni við þar til ætluð veitingaborð. Hlauparar skulu þó leitast við að stíga inn á brautina á sama stað og þeir fóru af henni.
7. Ekki er heimilt að veita hlaupurum aðstoð af utanaðkomandi fólki á brautinni á meðan á hlaupinu stendur.
8. Þeir hlauparar sem fara hægar yfir skulu færa sig utar á brautinni þegar hraðari hlaupurum er hleypt fram úr.
9. Hlauparar skulu forðast að mynda hópa eða raðir sem gera öðrum erfðara með að fara fram úr.
10. Staða hlaupara í hlaupinu skal gefin upp á ákveðnum tímafresti sem skal tilkynntur fyrirfram.
11. Leyfilegt er að nota útvarp eða hljómflutningstæki (iPod) á brautinni á meðan á hlaupinu stendur.
12. Hlauparar skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu hlaupahaldara áður en hlaup hefst.
13. Hlaup af þessari tegund skulu einungis heimil hlaupurum yfir 20 ára aldur.
14. Hlaupalok skulu gefin til kynna á áberandi hátt.

#### Þingskjal 13

Nefndin leggur fram nýja tillögu með áorðnum breytingum.

#### TILLAGA AÐ REGLUM FYRIR VAL Á OFURHLAUPARA ÁRSINS

1. Kjörinn skal ofurhlaupari ársins (einn á ári / karl og kona).
2. Ofurhlauparáð FRÍ tilnefnir í byrjun janúar ár hvert minnst þrjá og mest fimm hlaupara til kjörsins.
3. Tilnefningin skal gerð með tilliti til unninna afreka í ofurhlaupum á liðnu almanaks-ári hverju sinni.



4. Listi yfir þá sem tilnefndir eru skal kynntur eftir megni s.s. í fjölmiðlum og á þar tilgreindum hlaupasíðum og vefsíðum.
5. Allir Íslendingar og erlendir aðilar sem búsettir eru á Íslandi sem hafa hlaupið minnst eitt ofurhlaup á liðnu almaksári hafa kjörgengi í kosningu um „Ofurhlaupara ársins“.
6. Kjósundur raða tilnefndum hlaupurum með tölunum 5,4,3,2,1 ef fimm hlauparar eru tilnefndir, þannig að sá sem bestur er talinn fái hæstu töluna og svo koll af kolli. Ef þrír eru tilnefndir skal raða með tölunum 3,2,1.
7. Sá hlaupari sem fær hæsta útkomu úr samanlögðum atkvæðaseðlum skal útnefndur Ofurhlaupari ársins.
8. Greiða skal atkvæði öllum þeim sem tilnefndir eru, annars er kjörseðill ógildur.
9. Atkvæðaseðill skal innihalda fullt nafn viðkomandi kjósanda og hvaða ofurhlaup hann hefur hlaupið á viðkomandi ári.
10. Rangt útfylltir atkvæðaseðlar skulu ekki taldir með í uppgjöri kosningarinnar.
11. Tryggt skal að hver sá sem atkvæðisrétt hefur geti einungis greitt atkvæði einu sinni.
12. Kosningu skal lokið 31. janúar ár hvert og eru kjörseðlar sem póstlagðir eru eftir þann tíma eða berast ofurhlauparáðinu með öðrum hætti eftir þann tíma ekki taldir með.

Nánari útfærsla kosningar er kynnt ítarlega hverju sinni.

#### Þingskjal 14

Nefndin leggur fram nýja tillögu með áorðnum breytingum.

### REGLUR FRÍ UM FRAMKVÆMD GÖTUHLAUPA

#### **A. Til að árangur í götuhlaupum á stöðluðum vegalengdum þ.e. 5 km, 10 km, 15 km, 20km, 25 km, hálfmaraþoni, maraþoni og 100 km teljist löglegur og sé þar með tækur á afrekaskrá verður hlauphaldari að mæta eftirfarandi skilyrðum:**

1. **Hlaupaleið:** Undirlag skal vera malbikað eða steyp (made-up road). Upphaf og endir hlaups má vera á íþróttaleikvangi. Lækkun á hæð frá rásmarki til endamarks má mest vera 1 m á hverja 1.000 m eða 42 m í maraþonhlaupi.
2. **Mæling:** Rásmark og endamark skal greinilega merkt t.d. með línu úr límbandi eða málningu. Vegalengd hlaupsins skal mæld af einstaklingi sem hefur tilskilin réttindi (IAAF approved course measurer) til mælinga. Vegalengd hlaupsins skal mæld þar sem hún getur styst orðið. Til að koma í veg fyrir að hlaupaleiðin reynist of stutt skal bæta við leiðina 0,1% þ.e. 1 m á hverja 1.000 m. Til mælinga skal nota reiðhjól með sérstökum mæliútbúnaði (calibrated bicycle method) skv. nánari reglum sem gilda þar um.
3. **Merking og brautarvarsla:** Hlaupaleiðin skal vera vel merkt og nægilega margir brautarverðir til staðar til að tryggja að þátttakendur fari rétta leið.
4. **Skráning:** Í skráningu þarf að koma fram nafn, fæðingardagur og ár þátttakanda (helst kennitala).
5. **Tímataka og úrslitavinnsla:** Taka skal tíma á þátttakendum og vinna úrslit með viðurkenndum búnaði og aðferð. Þá er átt við skeiðklukku eða tölvu. Tími verður að vera stopptími (ekki aflestrartími) til að teljast löglegur. Lokatími (the official time) hvers þátttakanda í götuhlaupi skal vera tíminn frá því hlaupið var ræst og þar til viðkomandi kom í mark. Hins vegar má hlauphaldari gefa þátttakanda upplýsingar um tíma hans frá því hann fór yfir ráslínuna og þar til hann kom í mark. Röð þátttakanda í mark skal ráða um stöðu hvers og eins í hlaupinu s.s. í einstökum aldursflokkum (official finish position). Heimilt er að færa flögutíma (chip time) á afrekaskrár. Úrslit skal senda til FRÍ innan 14 daga.

6. **Aðstoð:** Aðstoð og aðhlynning starfsmanna hlaupsins (officials) við þátttakendur á meðan hlaupi stendur telst lögmæt. Aðstoð utanaðkomandi er ólögleg og getur haft í för með sér að árangur verði ógiltur. Þátttakanda ber að hætta hlaupi strax ef starfsmaður hlaupsins skipar honum að gera svo.

**B. Við framkvæmd götuhlaupa á stöðluðum vegalengdum þ.e. 5 km, 10 km, 15 km, 20km, 25 km, hálfmaraþoni, maraþoni og 100 km eru eftirfarandi framkvæmdaratriði æskileg (í sumum tilfellum skilyrði):**

1. **Merking vegalengda:** Æskilegt að merkja hvern km þannig að þátttakendur eigi auðvelt með að sjá merkingarnar, t.d. með keilum. Æskilegt að leiðarkort liggi fyrir.
2. **Öryggis- og sjúkragæsla:** Hlauphaldara ber að tryggja öryggi þátttakenda og starfsmanna gagnvart umferð ökutækja. Eins er mikilvægt, sérstaklega þegar um keppni í lengri vegalengdum er að ræða, að til staðar sé sjúkragæsla.
3. **Drykkjarstöðvar:** Æskilegt að boðið sé upp á drykki við endamark á öllum hlaupavegalengdum. Þegar um keppni í hálfmaraþoni og maraþoni er að ræða ber hlauphaldara að bjóða upp á drykki með jöfnu millibili á hlaupaleiðinni. Mótshaldara er heimilt að bjóða þátttakendum í meistaramóti að hafa eigin drykki á drykkjarstöðvum. Skulu þeir þá skila drykkjum inn til hlauphaldara vel merktum, sem skal koma þeim á rétta staði.
4. **Tímataka:** Æskilegt að taka stíktíma annað slagið í fjölmennari hlaupum til að tryggja betur áreiðanleika upplýsinga um endanlega röð þátttakenda í mark.

**C. Við framkvæmd götuhlaupa á óstöðluðum vegalengdum eru eftirfarandi framkvæmdaratriði æskileg (leiðbeinandi en ekki skilyrði):**

1. **Hlaupaleið og mæling:** Fyrir liggi kort af hlaupaleið. Æskilegt að vegalengd sé mæld með viðurkenndri aðferð.
2. **Merking og brautarvarsla:** Hlaupaleiðin sé vel merkt og nægilega margir brautarverðir til staðar til að tryggja að þátttakendur fari rétta leið.
3. **Skráning:** Í skráningu þarf að koma fram nafn og kennitala hlaupara.
4. **Tímataka og úrslitavinnsla:** Taka skal tíma á þátttakendum og vinna úrslit með viðurkenndum búnaði og aðferð.
5. **Öryggis- og sjúkragæsla:** Hlauphaldara ber að tryggja öryggi þátttakenda og starfsmanna gagnvart umferð ökutækja. Eins er mikilvægt, sérstaklega þegar um keppni í lengri vegalengdum er að ræða, að til staðar sé sjúkragæsla.
6. **Drykkjarstöðvar:** Æskilegt að boðið sé upp á drykki við endamark á öllum hlaupavegalengdum og á leiðinni ef vegalengd er umfram 10 km og þörf krefur vegna aðstæðna.

Þingskjal 15

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

SAMÞYKKT UM MÓTUN ÍPRÓTTA- OG AFREKSSTEFNU  
FRJÁLSÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR Á ÍSLANDI

58. Frjálsíþróttaping, haldið á Selfossi, 16. og 17. mars 2012, samþykkir að fela stjórn að undirbúa, í samvinnu við sambandsaðila, drög að nýrri íþrótt- og afreksstefnu frjálsíþróttahreyfingarinnar fyrir tímabilið 2013-2024 og taka hana til umræðu á sérstökum fundi í hreyfingunni eigi síðar en í október 2012 til að unnt verði að afgreiða hana í endanlegum búningi á haustfundi FRÍ í nóvember 2012.

Við mótun stefnunnar verði farið með skipulegum hætti yfir eldri stefnuskjöl FRÍ og nýleg stefnuskjöl ÍSÍ, annarra sérsambanda og annarra aðila ef gagnlegt þykir. Leitast verði við að samræma markmið, vinnubrögð og gæðaviðmið innan frjálsíþróttahreyfingarinnar og skilgreina verkaskiptingu sambandsaðila og FRÍ í þessum efnunum. Jafnframt verði leitast við

að samræma óskir og forgangsriðun í þeim málum sem eru á forræði ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila, s.s. varðandi uppbyggingu frjálsíþróttaaðstöðu, menntun íþróttakennara o.fl.

### ***Greinargerð***

Nokkuð er um liðið síðan frjálsíþróttahreyfingin vann skipulega að mótun afreksstefnu og tímabært er að fara á ný yfir markmið, áherslur og aðferðir í þessum efnunum. Afreksstefna byggir á grunni sem lagður er í starfi sambandsaðilanna og því er gagnlegt að huga í senn að samræmingu og skýrum línunum um verkaskiptingu. Með mótun íþróttastefnu sem nær til almenns starfs frjálsíþróttadeildanna er þess vænst að fjölgi þeim iðkendum sem ná að skipa sér í raðir afreksfólks þegar fram í sækir.

Lagt er til að horft verði 12 ár fram í tímann til að unnt verði að ná yfir líklegan undirbúnings- og uppbyggingartíma ungmenna til þátttöku í Ólympíuleikum.

Eðlilegt er að stefna að því að endurskoða stefnuna á nokkurra ára fresti og laga hana að breyttum aðstæðum.

Nauðsynlegt er að stjórn skipi sem fyrst að afloknu þingi sérstakan starfshóp um þetta verkefni og að leitað verði til sambandsaðila um tilnefningar.

### **Þingskjal 18**

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

### **SAMÞYKKT UM ÍSLANDESMÓT Í HEILU OG HÁLFU MARAÞONI**

Frjálsíþróttahlaup, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, samþykkir að Reykjavíkumaraþon verði Íslandsmót í heilu maraþonhlaupi þar til annað verður ákveðið. Jafnframt er samþykkt að stjórn FRÍ velji framkvæmdaaðila Íslandsmóts í hálfu maraþoni hverju sinni úr umsóknum sem berist eigi síðar en 1. október árið á undan. Einungis sambandsaðilar eða félag innan vébanda ÍSÍ geta tekið að sér að halda Íslandsmót í heilu og hálfu maraþoni. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta orðið Íslandsmeistarar í heilu og hálfu maraþoni, en ekki er gert skilyrði um aðild að félagi innan ÍSÍ.

### ***Greinargerð***

Reykjavíkumaraþon er langfjölmennasta maraþonhlaup Íslands á hverju ári, bæði í heilu og hálfu maraþoni. Umgjörð þess uppfyllir þær gæðakröfur sem eðlilegt er að gera til Íslandsmóta. Því er skynsamlegt að FRÍ festi hlaupið í sessi sem Íslandsmót í heilu maraþoni. Hins vegar þykir rétt að gefa færi á að önnur hlaup verði skilgreind sem Íslandsmót í hálfu maraþoni, af tvennum ástæðum: 1) Hlauparar eigi möguleika á að vinna báða titlana (eða til verðlauna) á sama ári; og 2) hálfmaraþonhlaup eru viðráðanlegri verkefni og eðlilegt að gefa fleiri aðilum tækifæri til að halda Íslandsmót í greininni.

Nokkuð er um að almenningshlaup séu haldin af aðilum utan íþróttahreyfingarinnar. Ekki þykir rétt að heimila slíkum aðilum að halda Íslandsmót. Aðilar innan ÍSÍ eru skuldbundnir til að fylgja reglum hreyfingarinnar, m.a. um lyfjæftirlit, dómstóla o.fl. Reglurnar gilda þ.a.l. um alla þátttakendur í mótum sem aðilar innan ÍSÍ halda.

Mikill hluti keppenda í almenningshlaupum er án félagsaðildar innan ÍSÍ (eða gefur hana ekki upp við skráningu í almenningshlaup). Ekki þykir rétt á þessu stigi að gera félagsaðild að skilyrði fyrir viðurkenningu á árangri, þ.m.t. að vinna sér inn verðlaun.

### **Þingskjal 19**

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

## TILLAGA UM SKILYRÐI FYRIR VALI KEPPENDA FRÍ Á ALÞJÓÐLEG MÓT

Frjálsíþróttaping, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, samþykkir að fela stjórn FRÍ að semja reglur um skilyrði fyrir vali FRÍ á keppendum á alþjóðleg mót sem afgreiddar verði á Frjálsíþróttapingi árið 2014 og taki gildi 1. maí 2014. Í reglunum verði m.a. gerð krafa um að lágmarksárangri verði náð á mótum sem uppfylla skilgreindar kröfur, s.s. um framkvæmd, umgjörð, kynningu, fjölda keppnisgreina og keppenda o.fl. Reglurnar taki gildi í áföngum á þann veg að á árinu 2014 nái þær til vals keppenda FRÍ á alþjóðleg mót sem ekki setja sérstök lágmark (t.d. Evrópubíkarkeppni og Norðurlandamót), á árinu 2015 bætist Evrópu- og heimsmeistaramót við og á árinu 2016 bætist Ólympíuleikar við.

### **Greinargerð**

Alþjóða frjálsíþróttasambandið og Frjálsíþróttasamband Evrópu undirbúa nú að setja reglur um að þátttaka í stórum alþjóðlegum mótum verði bundin því skilyrði að lágmarkum sé náð á viðurkenndum mótum, þ.e. mótum sem uppfylla skilgreindar kröfur. Þótt tímamörk slíkra reglna liggi ekki fyrir er nauðsynlegt fyrir FRÍ að búa sig undir að reglurnar taki gildi og nái til íslenskra keppenda.

Með ofangreindri tillögu er stjórn FRÍ falið að undirbúa gerð reglnanna. Stjórnin þarf því að fylgjast með framvindu mála hjá IAAF og EAA og móta reglur sem taka mið af kröfum þessara aðila. Jafnframt er mikilvægt að stjórnin gæti hagsmuna Íslendinga á vettvangi alþjóðasamtakanna í þessum efnum og vinni gegn óraunhæfum kröfum sem einungis sé á færi fjölmennra þjóða að uppfylla.

### Þingskjal 20

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

## SAMÞYKKT UM SKIPUN NEFNDAR UM RAFRÆNA TÍMATÖKU

Frjálsíþróttaping, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, felur stjórn FRÍ að skipa nefnd fagmanna um rafræna tímatöku til að hafa eftirlit með tímatöku á mikilvægum mótum og koma með tillögur um þróun og úrbætur eftir því sem þörf krefur.

### **Greinargerð**

Rafræn tímataka er sérhæft verkefni sem einungis lítill hluti starfsmanna eða dómara á frjálsíþróttamótum hefur hlotið þjálfun í. Því er meiri hætta á að mistök verði gerð, s.s. í uppsetningu búnaðar eða framkvæmd tímatöku, þar sem keppendur, þjálfarar og aðrir eiga ekki jafn auðvelt með að koma með ábendingar ef þeir telja að eitthvað hafi farið úrskeiðis eða hætta sé á að slíkt gerist.

Nefndinni verði falið að tryggja að eftirlitsmaður mæti á mikilvæg mót, starfsmönnum í tímatöku bæði til aðhalds og trausts.

### Þingskjal 22

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

## SAMÞYKKT UM VORFUNDI SAMBANDSAÐILA UM FJÁRMÁL OG REKSTUR FRÍ

Frjálsíþróttaping, haldið 16.-17. mars 2012 á Selfossi, beinir því til stjórnar að kalla saman vorkundi FRÍ þau ár sem Frjálsíþróttaping er ekki haldið. Þar verði fjallað um rekstur og fjármál FRÍ á liðnu ári og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs m.t.t. möguleika á breyttum

forsendum. Vorfundir verði opnir öllum sem áhuga hafa á þátttöku, með málfrelsi og tillögurétti.

### **Greinargerð**

Þar sem fjárhagur FRÍ er bágborinn og nauðsyn er á góðu samráði við sambandsaðila um rekstur og fjárreiður er tíminn á milli Frjálsíþróttabinga, tvö ár, of langur til að láta þingin ein vera vettvang slíks samráðs. Slík málefni voru til umræðu á aukabingi snemma árs 2011 og á haustfundi (mótabingi) 2011, en þörf er á að festa slíkt samráð í sessi og að hafa það snemma árs, þannig að unnt verði að bregðast tímanlega við í rekstri og fjármálum sambandsins. Meðal félaga sem hafa rekstur með höndum, þ.á m. íþróttafélaga, tíðkast almennt að halda aðalfundi árlega. Með þessari tillögu er því stigið skref í þessa átt, án þess að lögum FRÍ sé breytt að þessu sinni eða ákveðið að halda Frjálsíþróttabing árlaga.

### Þingskjal 23

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

### TILLAGA UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS Í 5 KM OG 10 KM GÖTUHLAUPUM

Ársþing FRÍ haldið á Selfossi dagana 16. - 17. mars 2012 samþykkir að FRÍ haldi meistaramót í 5 km og 10 km götuhlaupum karla og kvenna ár hvert, í fyrsta sinn árið 2012. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjá karla og fyrstu þrjár konur. Jafnframt skal veita verðlaun fyrir fimm manna sveitakeppni. Heimilt skal að efna til meistaramóts í öldungaflokkum. Almenningshlaupanefnd FRÍ skal sjá um nánari útfærslu og val á staðsetningu hverju sinni.

### **Greinargerð**

Mjög mikil gróska hefur verið í almenningshlaupum undanfarin ár eftir nokkra lægð á árunum í kringum síðustu aldamót. Skokkhópum og skokkdeildum innan íþróttafélaga hefur fjölgað verulega og starfið aukist jafnt og þétt. Þetta hefur m.a. skilað sér í mikilli aukningu í þátttöku í götuhlaupum, sérstaklega í 5 km og 10 km. Að efna til meistaramóts í þessum vegalengdum er til þess fallið að auka enn við áhuga götuhlaupara og tengja jafnframt afreksfólkið enn frekar við hinn almenna skokkara. Auðvelt er að útfæra þessa keppni þannig að flestum standi til boða áhugavert viðfangsefni s.s. með því að hafa mótið aldursflokkaskipt t.d. almennur flokkur, 40-49 ára og 50 ára og eldri.

### Þingskjal 24

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

### SAMÞYKKT UM AUKNA ÁHERSLU Á ALMENNINGSHLAUP

Frjálsíþróttabing, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, hvetur stjórn FRÍ til að auka áherslu á almenningshlaup í starfi sambandsins með það að markmiði að hlauparar sjái ávinning af því að starfa innan sambandsins og skrá sig sem iðkendur innan vébanda þess og ÍSÍ. Jafnframt undirbúi stjórnin nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum FRÍ til að mæta þörfum hlaupara fyrir umgjörð og áhrif.

### **Greinargerð**

Þrátt fyrir að þeim sem stunda götu- og víðavangshlaup hafi fjölgað gríðarlega á undanförnum árum og líklega séu þeir orðinn einn stærsti hópur íþróttaiðkenda á landinu standa þeir langflestir utan íþróttahreyfingarinnar eða eru a.m.k. ekki skráðir iðkendur innan FRÍ. Samkvæmt skipulagi Ólympíu- og íþróttagreinasambanda heimsins eru hlaup, þ.m.t. götuhlaup, fjallahlaup og ofurhlaup, íþróttagrein innan frjálsra íþróttar. FRÍ er því samkvæmt skipulagi, einnig á Íslandi, hinn rétti vettvangur fyrir hlaupara og almenningshlaup. Líkt og í

mörgum öðrum löndum hafa hlaupin þó vaxið að miklu leyti utan íþróttahreyfingarinnar. Það má segja að þau séu „á götunni“ og eigi sér ekki formlegan málsvara.

Enn er mögulegt að bæta úr og færa götu- og víðavangshlaupin undir regnhlíf FRÍ. Augljóslega þarf að huga að breytingum á lögum og reglugerðum sambandsins til að mæta þörfum hlaupara og almenningshlaupa. Með ofangreindri samþykkt lýsir frjálsíþróttahreyfingin vilja sínum til að vinna að því að auka samstarfið við hlaupara og það yrði því verkefni fram að næsta frjálsíþróttahæfi (eða aukahæfi ef með þarf) að koma á skipan sem núverandi sambandsaðilar og hlauparahreyfingin ná sátt um.

### Þingskjal 25

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

#### SAMÞYKKT UM FRÉTTASTEFNU FRJÁLSÍÞRÓTTAHREYFINGARINNAR

Frjálsíþróttahæfi, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, samþykkir að fela stjórn FRÍ að móta fréttastefnu fyrir frjálsíþróttahreyfinguna, í samvinnu við sambandsaðila, sem leiði til markvissra vinnubragða við skrif og dreifingu fréttu til fjölmiðla og á netinu.

#### **Greinargerð**

Frétttaflutningur af frjálsíþróttum er í senn gloppóttur og miklu minni en efni standa til. Vafalaust geta bæði skrifstofa FRÍ og sambandsaðilar bætt frammistöðu sína í þessum eignum til muna, en markviss vinnubrögð í samræmi við skýra stefnu myndu vafalaust koma öllum að gagni.

Í fréttastefnu ætti að taka á atriðum á borð við þessi:

- *Hvar á frumkvæði að frétt að liggja, eftir eðli fréttar?* Eðlilegt er að FRÍ sjái um fréttir af keppendum á vegum sambandsins erlendis, svo og af viðburðum í starfi sambandsins. En á FRÍ að semja fréttir af öllum meistaramótum og bikarkeppnum eða ætti það að vera á höndum mótshaldara hverju sinni? Augljóslega verða sambandsaðilar að sjá um fréttir af eigin mótum, viðburðum og þátttöku eigin félagsmanna í öðrum mótum erlendis en þeim sem eru á vegum FRÍ.
- *Á vefsíða FRÍ að vera aðalfréttamiðill frjálsíþróttahreyfingarinnar?* Ef svo væri, þyrfti að breyta uppsetningu og virkni síðunnar til að auðvelda sambandsaðilum að koma fréttum á framfæri.
- *Yrði gagnlegt að semja leiðbeiningar um fréttaskrif?* Þar væri unnt að skilgreina nauðsynlegar upplýsingar í fréttum af mótum, metum, góðum árangri og öðru því sem fréttæmt getur talist.
- *Eru ónotuð tækifæri í öðrum miðlum en þeim hefðbundnu?* Lengst af hafa blöð og ljósvakamiðlar verið einu fréttamiðlarnir. Með tilkomu netsins og nýrrar tækni opnast aðrir möguleikar. Væri skynsamlegt, að teknu tilliti til fyrirhafnar og kostnaðar, að nýta aðrar miðlunarleiðir, s.s. Youtube, Twitter, Tumblr, vefvarp, SMS, tölvupóst, fjöldasendingar (ruslpóst)?

### Þingskjal 26

Nefndin leggur fram nýja tillögu með áorðnum breytingum.

#### ÁLYKTUN UM KJÖR ÍÞRÓTTAFÓLKS ÁRSINS

Frjálsíþróttahæfi, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, skorar á Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands að standa fyrir tilnefningum og kjöri íþróttafólks ársins þar sem gætt verði aukinnar fjölbreytni sem fellur að margþættum markmiðum íþróttastarfs. Fagaðilar, tilnefndir af ÍSÍ, íþróttafréttamenn og sérsambönd innan ÍSÍ komi að tilnefningum og greiði atkvæði.

## Greinargerð

Löngu tímabært er að endurskoða aðkomu ÍSÍ að vali íþróttamanns ársins. Þótt Samtök íþróttafréttamanna hafi átt frumkvæði að núverandi tilhögun fyrir rúmri hálfri öld og haldið utan um verkefnið af myndarskap er ekki sjálfgefið að óbreytt tilhögun sé besti kostur íþróttahreyfingarinnar.

Góð reynsla af árlegum verðlaunahátíðum í listgreinum (Eddan, Gríman, Íslensku tónlistarverðlaunin) bendir til að fjölbreytt verðlaun í íþróttastarfi myndu verða til að auka skilning á því að íþróttastarf snýst ekki eingöngu um árangur afreksíþróttafólks.

Í ljósi jafnréttismarkmiða íþróttahreyfingarinnar er eðlilegt að efna til vals á íþróttakarli og íþróttakonu ársins. Að auki er unnt að auka fjölbreytni með því að velja íþróttalið ársins, fyrirmynd ársins, leiðtoga ársins (úr röðum forystumanna í íþróttahreyfingunni), þjálfara ársins og íþróttaviðburð ársins, svo að dæmi séu tekin.

Íþróttahreyfingin er fjölmennasti félagsskapur á landinu með á annað hundrað þúsund skráða iðkendur. Það yrði málefnið án efa til framdráttar að gefa iðkendum færi á að senda inn rökstuddar tilnefningar til dómnefnda og að greiða atkvæði um þá sem dómnefndir velja til úrslita.

## Umræður um tillögur allsherjarnefndar

Ólafur Guðmundsson gerði grein fyrir tillögu um mótaskrá.

Sigurður Pétur Sigmundsson velti fyrir sér gildi þess að samþykkja ítarlegar reglur, sbr. þingskjal 12, og bar saman við leiðbeiningar. Spurning hvort ætti að reglubinda alla hluti. Inn í tillögu 14 mættu koma ítarlegar leiðbeiningar. Ræddi einnig götuhlaup og reglur er tengjast þeim.

Þórey Edda Elísdóttir lýsti yfir ánægju með tillögu 2. Sagði að dagskráin innanhúss væri ekki of þröng og álag á keppendur ekki of mikið.

Gunnlaugur Júlíusson sagðist ósammála Sigurði Pétri varðandi tillögu 12. Reglugerðin væri tekin upp úr alþjóðlegum reglum og væri forsenda þess að hlaup væru lögleg og almennilega framkvæmd.

Stefán Halldórsson fagnaði reglum um almenningshlaup og sagði að góðar leiðbeiningar væru mikilvægar og bæru vott um góða starfshætti sambandsins.

Súsanna Helgadóttir ræddi um tillögu 26 og vildi taka inn í hana að iðkendur gætu tilnefnt einstaklinga. Fagnaði því sem Þórey Edda sagði um innanhússmót. Ræddi tillögu 19 og sagði að mikilvægt væri að hafa góða reglugerð. Ekki mætti þó takmarka gildi smærri móta félaga. Vildi bæta eftirfarandi við greinargerð með tillögu 19: "...aðlaga og staðfæra að íslenskum aðstæðum t.d. hvað varðar fjölda klepnda."

Þjálfarar og forsvarsmenn íþróttafélaga leggja kapp sitt á að halda mót fyrir sína íþróttamenn, reglugerð og leiðbeiningar um framkvæmd móta eru til bóta en að mínu mati algjörlega fráleitt að banna smærri mót, það væri þá frekar að FRÍ sendi eftirlitsmenn á þessa smærri mót til að ganga úr skugga um að allt fari fram skv. reglum.

Ólafur Guðmundsson sagði að álag vegna innanhússmóta væri að hluta vegna húsnæðis og einnig á þjálfara. Sagðist sammála Þórey Eddu um að mikilvægt væri að hafa sem flest innanhússmót.

Fríða Rún Þórðardóttir vildi að FRÍ kæmi að tilnefningum íþróttamanna. Ræddi einnig um framkvæmd og umgjörð smærri móta.

Jónas Egilsson fagnaði umræðum um reglugerðir. Sagði að við yrðum að horfast í augu við það að ef keppendur vildu komast á erlend mót yrði að uppfylla erlenda keppnisstaðla á smærri mótum hérlendis.

Bryndís ræddi um framkvæmd reglna um ofurhlaup. Taldi ágætt að hafa fleiri reglur en færri.

Gunnlaugur Júlíusson sagði að ofurhlaup væri ekki ólympísk grein en ofurhlauparar hefðu kosið sð starfa innan FRÍ. Mikilvægt væri þó að velja ofurhlaupara ársins eins og aðra íþróttamenn.

Þórey Edda Elísdóttir ræddi tillögu 19 og taldi það lið í því að fjölga iðkendum og ýta á að fleiri mót væru haldin.

Stefán Halldórsson ræddi tillögu um val á íþróttamanni ársins og mikilvægt væri að sérsamböndin kæmu að valinu. Sagði einnig að FRÍ hefði áður valið íþróttamenn í einstökum greinum, t.d. kastara ársins o.fl.

Sigurður Pétur Sigmundsson taldi mikilvægt að félög næðu almenningshlaupurum inn í sinn hóp og að þeir hefðu málsvara. Ræddi einnig mikilvægi þess að reglur um hlaup væru skýrar og vel kynntar.

<i>Þingskjal 2</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 12</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 13.1</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 14.1</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 15</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 18</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 19</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 20</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 22</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 23</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 24</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 25</i>	Samþykkt samhljóða.
<i>Þingskjal 26</i>	Breytingatilaga.

Síðasta setning í ályktun um kjör íþróttafólks ársins breytist eftirfarandi:

*Fagaðilar, tilnefndir af ÍSÍ, íþróttafréttamenn og sérsambönd innan ÍSÍ komi að tilnefningum og greiði atkvæði.*

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 26.1 með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

### **Álit fjárhagsnefndar. Framsögumaður Freyr Ólafsson**

<i>Þingskjal 1:</i>	Fjárhagsáætlun.
<i>Þingskjal 17:</i>	Lítilllega breytt úr nefnd.
<i>Þingskjal 5:</i>	Lítilllega breytt úr nefnd.
<i>Þingskjal 6:</i>	Samþykkt úr nefnd
<i>Þingskjal 7:</i>	Nefnd leggur til að skjalið verði vísað frá.
<i>Þingskjal 16:</i>	Nefnd leggur til að skjalið verði vísað frá.
<i>Þingskjal 21:</i>	Samþykkt lítilllega breytt í nefnd.



Þingskjal 1:

FJÁRHAGSÁÆTLUN FRÍ FYRIR ÁRIÐ 2012

Tekjur:

Ríkisstyrkur	2.500.000
Lotto	6.600.000
Actavis	1.900.000
Valitor	1.200.000
SFG	800.000
IAAF	1.800.000
EAA	2.500.000
Annað	2.550.000
Ferða- og mótakostnaður:	3.085.000

Gjöld:

Laun og launategd gjöld	7.188.000
Annar starfsmannakostnaður	30.000
Aðkeypt vinna	720.000
Skrifstofukostnaður	798.000
Aðkeypt þjónusta	420.000
Markaðskostnaður	3.000.000
Stjórnunarkostnaður	540.000
Rekstur húsnæðis	600.000
Ýmis annar kostnaður	360.000
Fjármagnskostnaður	600.000
Ferða- og mótakostnaður: Gjöld	5.510.000

Samtals tekjur	22.935.000	
Samtals gjöld		19.766.000
Hagnaður		3.169.000

Ráðstöfun fjármuna:

Greiddar lausaskuldir frá árinu 2011	-7.860.000
Afborgun lána	-1.176.000
Inneign hjá Ícelandair notuð	1.200.000
Innheimta útistandandi krafna	4.500.000
Samtals	-3.336.000
Aukning yfirdráttar	167.000

Þingskjal 17

SAMÞYKKT UM INNHEIMTU SKRÁNINGARGJALDA Á ÍSLANDSMÓTUM OG BIKARKEPPNUM FRÍ

Frjálsíþróttabing, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, samþykkir að fela skrifstofu FRÍ að innheimta skráningargjöld á öllum Íslandsmótum og bikarkeppnum í frjálsíþróttum nema öldungamóti og götuhlaupum og greiða síðan mótshaldara 75% hlut hans samkvæmt nánari reglum sem stjórn FRÍ setur. Þessi tilhögun taki gildi frá 1. júní 2012. Fyrir þann tíma skulu allir sambandsaðilar gera upp ógreidd skráningargjöld vegna liðinna móta.

FRÍ greiði út til mótshaldara innan 14 daga frá mótssdegi.

**Greinargerð**

Vanskil mótshaldara á 25% hlut FRÍ í skráningargjöldum hafa farið vaxandi og aukið þannig á skuldavanda sambandsins. Meginskýringin á þessari þróun er vaxandi vanskil sambandsaðila innbyrðis og keðjuverkun sem af þeim hlýst.

Lagt er til að stjórn FRÍ setji nánari reglur um innheimtuna, án þess að breytt sé grunnþáttum núverandi tekjuskiptingar. Í reglunum verði m.a. ákvæði um viðurlög við vanskilum, s.s. dráttarvexti og innheimtuaðgerðir í samræmi við það sem almennt tíðkast í

viðskiptum. Verður að teljast óeðlilegt að FRÍ beri dráttarvexti og annan vanskilakostnað í sínum rekstri, en sambandsaðilar komist upp með að skulda FRÍ án nokkurra viðurlaga eða kostnaðar. FRÍ er ekki banki, heldur samstarfsvettvangur sambandsaðila. Vanskil einstakra aðila eiga hvorki að bitna á FRÍ eða öðrum sambandsaðilum.

*Viðbót við greinargerð frá fjárhagsnefnd:*

Fylgt sé að fullu eftir reglugerð hér eftir og keppnisgögn séu ekki afhent félagi sem ekki hefur greitt skráningargjöld.

Með breyttu fyrirkomulagi á útgáfu leikskrár og aðkomu FRÍ þar er fullskráð til keppni og leikskrá prentuð mörgum dögum fyrir mót. Ekki þarf lengur að reiða sig á reiðhesta við bréfburð það ætti því að vera hæðarleikur að samstillta aðila eigi síðar en á fimmtudegi varðandi greiðslu svo afhending keppnisgagna geti gengið snurðulaust fyrir sig í upphafi helgar.

### Þingskjal 5

#### TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á 23. REGLUGERÐ UM SKRÁNINGAGJÖLD Á MÓT

58. Frjálsíþróttahæing, haldið á Selfossi 16. og 17. mars 2012, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð FRÍ um skráningargjöld móta:

##### 1. gr.

Skráningargjöld eru innheimt af tilkynntum skráningum á mót sem haldin eru á vegum FRÍ og/eða sambandsaðila þess.

##### 2. gr.

Skráningargjald er kr. ~~1.250~~ **1.500** á grein í flokki 18 ára og eldri. Skráningargjald vegna boðhlaups er kr. ~~2.500~~ **3.000** á hverja sveit. Skráningargjald fyrir einstakling í fjölþrautarkeppni er kr. ~~6.250~~ **7.500**. Skráningargjald á lið í Bikarkeppni FRÍ 1. deild er kr. ~~31.250~~ **37.500**. Skráningargjald vegna eins dags Bikarkeppni er kr. ~~20.000~~ **25.000**.

Gjöld vegna einstaklinga og boðhlaupa á mót fyrir 17 ára og yngri og í öldungaflokkum eru kr. ~~625~~ **750** á einstakling og kr. ~~1.250~~ **1.500** á boðhlaup.

##### 3. gr.

Skráningargjöld fara til þess aðila sem framkvæmir viðkomandi mót eða keppni að **undanskyldum** 25% af skráningargjaldi sem rennur til FRÍ. ~~Mótshaldari greiðir ekki gjald af eigin skráningum.~~ FRÍ greiðir kostnað v/verðlauna og leggur til keppnisnúmer með auglýsingu frá FRÍ.

Mótshaldara ber að greiða FRÍ ofangreindan hluta eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir mótslok.

#### **Greinargerð**

Þar sem frjálsíþróttahreyfingin berst í bökkum er nauðsynlegt að skráningargjöld fylgi verðlagi til að tekjur mæti kostnaði. Frá árinu 2006, þegar grunn gjaldið var ákveðið 1.000 kr. hefur neysluvisitalan hækkað um 57%. Skráningargjöld voru hækkuð um 25% árið 2008. Því er lagt til að þau verði nú hækkuð um 20% og nemur samanlögð hækkan þá 50% frá árinu 2006.

Ákvæðið um að mótshaldari greiði ekki gjald af eigin skráningum leiðir til þess að FRÍ fær ekki 25% framlag frá hluta keppenda. Þar sem mótahald hefur í vaxandi mæli færst á hendur stærstu félaganna leiðir þetta ákvæði til þess að tekjur FRI af mótunum minnka hlutfallslega. Nú er svo komið að tekjurnar standa ekki undir kostnaði FRÍ af mótunum, þ.e. verðlaunum, vallarleigu o.fl.

Fjárhagsnefnd beinir þeim tilmælum til stjórnar FRÍ að hún leiti tilboða í verðlaun til minnst árs í senn og leiti jafnframt fanga að fá styrktaraðila til að gefa verðlaun á mót.

## Þingskjal 6

### TILLAGA AÐ BREYTINGU AÐ Á 11. REGLUGERÐ UM FÉLAGASKIPTI OG ALPÞÓÐLEGAN KEPPNISRÉTT

58. Frjálsíþróttaping, haldið á Selfossi 16. og 17. mars 2012, samþykkir eftirfarandi breytingar á 2. ml. 3. gr. reglugerðar FRÍ um félagaskipti:

Tilkynni íþróttamaður sem er 15 ára eða eldri á viðkomandi almanaksári um félagaskipti skal hann greiða kr. 5.000 í umsýslugjald sem rennur óskipt til FRÍ.

#### **Greinargerð**

Lagt að að félagaskiptagjald hækki úr kr. 1.000 í kr. 5.000. Núverandi gjald stendur engan veginn undir umsýslukostnaði og bókhaldsskostnaði, afstemmingar o.fl.

## Þingskjal 7

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 23. REGLUGERÐ UM SKRÁNINGARGJÖLD MÓTA

Frjálsíþróttaping FRÍ, haldið á Selfossi 16.-17. mars 2012, samþykkir neðangreinda breytingu á reglugerðinni, yfirstrikun þýðir brottfall, en feitletrun innskot. 2. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

2. gr.

Skráningargjald er kr. 1.250 á grein í flokki 18 ára og eldri. Skráningargjald vegna boðhlaups er kr. 2.500 á hverja sveit. Skráningargjald fyrir einstakling í fjölþrautarkeppni er kr. ~~6.250~~ **3.500**. Skráningargjald á lið í Bikarkeppni FRÍ 1. deild er kr. 31.250. Skráningargjald vegna eins dags Bikarkeppni er kr. 20.000.

Gjöld vegna einstaklinga og boðhlaupa á mót fyrir 17 ára og yngri og í öldungaflokkum eru kr. 625 á einstakling og kr. 1.250 á boðhlaup.

#### **Greinargerð**

Þátttaka í fjölþrautarkeppnum hefur verið mjög léleg á síðustu árum, e.t.v. þar sem það er of dýrt að keppa.

## Þingskjal nr. 16

### TILLAGA UM HAPDRÆTTI FRÍ TIL FJÁRMÖGNUNAR AFREKSSTARFS

Frjálsíþróttaping, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, samþykkir að FRÍ efni til happdrættis sumarið 2012 til að afla fjármuna til afreksstarfs, þar sem sambandsaðilar verði skuldbundnir til að tryggja sölu á miðum í samræmi við fjölda skráðra iðkenda í Felix-kerfi ÍSÍ í árslok 2011 samkvæmt nánari reglum sem stjórn FRÍ setur. Miðað verði við að sambandsaðilar skili 225 þúsund krónum til FRÍ fyrir hverja 100 skráða iðkendur. Þó er stjórn heimilt að hnika þessari fjárhæð til um 25 þúsund krónur að hámarki til eða frá ef það hentar betur við útfærslu happdrættisins.

#### **Greinargerð**

Miðað er við að hver happdrættismiði kosti 1.000 kr. Gert er ráð fyrir að hver sambandsaðili fái þrjá happdrættismiða á hvern skráðan iðkanda og skili til FRÍ þremur fjórðu hlutum söluandvirðisins Skráðir iðkendur innan FRÍ voru 5.650 í árslok 2011 og sambandsaðilar

munu því fá 16.950 miða til sölu. Þeim ber að skila til FRÍ alls 12.712.500 kr. Samkvæmt lögum verða vinningar að nema 1/6 hluta af verðmæti útgefinna miða eða alls kr. 2.825.000. Ef gert er ráð fyrir að kostnaður við miðaprentun, dreifingu, leyfisgjöld, útdrátt o.fl. nemi innan við 900 þús. kr. ætti afrakstur FRÍ að verða um 9 milljónir króna og sambandsaðilar fengju rúmar 4,2 milljónir kr. í sinn hlut, miðað við að allir miðar seljist.

Heppilegt kann að vera að gefa út nokkru fleiri miða, t.d. alls 20.000 miða, og láta FRÍ sjálft annast sölu á 3.050 miðum, m.a. til velunnara frjálsíþróttta meðal fyrirtækja, stofnana og innan íþróttahreyfingarinnar, svo og við sérstök tækifæri.

FRÍ uppfyllir skilyrði til að fá leyfi til happdrættis. Sölu tími skal vera þrjú mánuðir en sækja má um að framlengja hann í tvo mánuði til viðbótar. Heppilegt sölutímabil væri júní-ágúst þegar frjálsíþróttastarf er í mestum blóma, með möguleika á framlengingu til loka október.

Með tillögunni um happdrætti er komið til móts við þau sjónarmið að ekki verði lögð bein gjöld á iðkendur eða sambandsaðila, en kvöðinni um að selja miðana er deilt jafnt á alla sambandsaðila eftir iðkendafjölda.

### Þingskjal nr. 21

#### SAMÞYKKT UM VERKLAG VIÐ FJÁRÖFLUN FRÍ OG FJÁRHAGSEFTIRLIT

Frjálsíþróttaping, haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi, beinir því til stjórnar FRÍ að fela fjárhagsnefnd FRÍ aukið hlutverk í fjáröflun og markaðsmálum fyrir sambandið, þannig að stjórnin geti einbeitt sér að íþróttamálum. Jafnframt beinir þingið því til stjórnarinnar að gjaldkeri FRÍ leggi megináherslu í störfum sínum á eftirlit með fjárreiðum og fjárhag sambandsins, gefi stjórn yfirlit um nýjustu stöðu rekstrarreiknings á hverjum tíma og hafi vakandi auga með áætlunum um tekjur og gjöld og frávikum frá þeim í rekstri sambandsins.

FRÍ óskar eftir tilnefningum um fólk til starfa í nefndinni. Framkvæmdastjóri og fulltrúi stjórnar sitja í fjárhagsnefnd.

#### **Greinargerð**

Fjárhagur FRÍ er bágur, skuldir eru meiri en eignir, taprekstur fyrri ára hefur þrengt mjög að sambandinu og vanskil hafa farið vaxandi. Stjórn sambandsins hefur varið miklum tíma í fjárhagsmálefni og íþróttamálefni hafa oft setið á hakanum fyrir vikið.

Starf í fjárhagsráði kallar ekki á sömu þekkingu á frjálsíþróttum og gera verður kröfu um í stjórn FRÍ. Því gefur aukin verkaskipting færi á að fá til starfa fyrir hreyfinguna fólk með góða þekkingu á fjár- og markaðsmálum, án þess að stjórnun á íþróttamálum líði fyrir það.

Með því að velja í gjaldkerastarfið einstakling með þekkingu og reynslu af fjármálum og bókhaldi en léttu jafnframt af honum skyldum á sviði íþróttamála er unnt að styrkja eftirlits-hlutverk með fjárreiðum sambandsins og draga þannig úr þeirri áhættu sem fylgir því að vera með fáa launaða starfsmenn. Með minni virkni gjaldkera í íþróttamálefnum er eðlilegt að varamaður eða -menn í stjórn FRÍ taki á sig auknar skyldur í íþróttamálum.

Ef ofangreind tilhögun gefur góða raun getur verið eðlilegt að breyta ákvæðum í lögum FRÍ um verkaskiptingu í stjórn sambandsins, störf gjaldkera og fjárhagsnefndar, á næsta Frjálsíþróttapingi árið 2014.

Ályktanir úr fjárhagsnefnd: Samþykktar úr nefnd.

1. 58. Frjálsíþróttaping haldið á Selfossi 16. og 17. mars 2012 hvetur stjórn FRÍ til að vinna áfram af krafti að endurskoðun á samstarfi við RÚV. Að greiða fyrir það grunnhlutverk RÚV ohf. að veita ahygli og sýna frá einni af stærstu íþrótt landsins er óhæfa sem stjórn FRÍ ætti ekki að styðja.
2. 58. Frjálsíþróttaping haldið á Selfossi 16. Og 17.mars 2012 hvetur stjórn FRÍ til að stofna til samstarfs um gerð stuttmynda eða glefsa sem henta vel til dreifingar á

YouTube og öðrum samfélagsmiðlum, við til þess að hæfa aðila, svo sem Kvikmyndaskóla Íslands.

#### *Hlé gerð á dagskrá:*

Stefán Halldórsson veitti Sigurði Jónssyni HSK gullmerki FRÍ. Sigurður á langan feril að baki, bæði sem keppnismaður og í félagsmálum innan frjálsíþróttahreyfingarinnar. Hann fékk heilablóðfall fyrir nokkrum árum en hefur náð ótrúlegum bata og telur hann íþróttabakgrunn hans hafa átt þátt í því. Sigurður kom þakklæti á framfæri og þar sem hans bati hefur komið mikið í gegnum list þá vildi hann veita stjórn FRÍ smá þakklætisvott sem hann hefur sjálfur búið til.

#### **Framhald umræðna um tillögur fjárhagsnefndar**

Stefán Halldórsson lýsti vonbrigðum sínum um frávísanir þingskjala. Taldi hann stjórn sambandsins ekki hafa komið því nægilega vel á framfæri hversu slæm fjárhagsstaða sambandsins er. Skuldastaða sambandsins er um 13 m.kr. Ef allt gengur upp, allar kröfur innheimtast, þá gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir að endar nái saman. Sambandið þarf að eiga sjóði en ekki að vera í skuld eins og núna. Tekjur sambandsins koma inn seinna en gjöldin. Kostnaður vegna Evrópumeistaramótsins er 9000 evrur, hlutur FRÍ 8000 evrur og EAA 1000 evrur. Greiða átti fyrir lok febrúar en mánaðarfrestur var fenginn. Þessir peningar eru ekki til. Þetta er alltaf svona, það þarf alltaf að borga farseðla fyrirfram. Endurgreiðsla berst seinna. Ef ekki fást hugmyndir að fjáröflun þá mun þurfa að skera niður á mótum sumarsins.

Benóný Jónsson tók undir orð Stefáns um vonbrigði niðurstöðu fjárhagsnefndar. Vonaðist eftir að það kæmi önnur tillaga ef tillagan um happdrættið yrði felld. Tillagan um happdrættið miðaði einungis við eitt ár, þ.e að þetta er ekki að skuldbinda félögin lengur en eitt ár.

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir lýsti yfir vonbrigðum sínum vegna þess sama. Sagði að í gær hefði verið talað um að enginn vildi starfa í nefnd þar sem enginn peningur væri til. En hvað á að gera?

Friðrik taldi ekki ásættanlegt að visa tillögu frá og ekki koma fram með aðra tillögu í staðinn. Friðrik sagðist vera tilbúinn til að prófa að fara þessa leið. Lagði til að tillagan yrði samþykkt þ.e. ef engin önnur tillaga kæmi fram.

Freyr tók fram að hann hafi einungis verið upplesari og fagnaði kappi sem væri í mönnum.

Sigurður vildi fara aðra leið að fjármögnun en happdrætti. Sagðist frekar vilja taka upp nefskatt. Sagði hann vera meira varanleg lausn en happdrætti. Varðandi þingskjal 5 sagði hann að rætt hefði verið í fjárhagsnefnd um hvort ætti að taka tillit til 3. greinar. Hann taldi að þingskjal 5 ætti að vera óbreytt, þ.e. að útstrikunin komi aftur inn.

Helgi S. Haraldsson tók undir orð formannsins um vonbrigði vegna þess að engin tillaga hafi komið úr fjárhagsnefnd. Hann tók þó undir frávísun nefndar og lagði fram tillögu um nefskatt:

*58. Frjálsíþróttapening haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi samþykkir að lagður verði skattur á hvern iðkanda sambandsaðila kr. 1000. Um verði að ræða aðeins þetta eina skipti að sinni, til að koma fjárhag sambandsins til betri vegar.*

Súsanna Helgadóttir sagði frá dóttur sinni sem æfir sund. Þar væri svokallað stungugjald sem borgað er í byrjun tímabils. Gjaldið er 5.000 – 7.000 kr. Þetta sé þjónustugjald vegna skráningu árangurs o.s.frv. Sagði hún að þetta ætti ekki kalla skatt heldur t.d startgjald.

Eiríkur sagðist skilja viðhorf stjórnarmanna og að við þyrftum að koma Frjálsíþróttasambandinu í gang.

Helgi S. Haraldsson sagði frá fyrirkomulagi „skatta“ hjá Fimleikasambandi Íslands. Þar væri nafnið er þjónustugjöld og í gjaldinu felst leyfi til að taka þátt í mótum á vegum sambandsins.

Stefán Halldórsson ræddi fyrri umræður og nefndi þrjár leiðir: gjald til sambandsins, fjáröflunarleið eins og happdrætti og að FRÍ hætti að standa straum af ýmsum útgjöldum. Mikilvægt væri að hreyfingin veldi leið sem hún sjálf réði við. Stefán taldi upp mót næsta árs og sagði að dýrt ár væri framundan.

Friðrik sagðist hafa velt fyrir sér tölunum, nefnskattur vs. happdrætti. Frá félagi Friðriks fengi FRÍ kr. 258.000 úr nefskatti m.v. kr. 744.000 úr happdrætti.

Freyr Ólafsson tók undir það sem Stefán sagði síðast, þ.e. leiðirnar þrjár. Við þyrftum að hafa öflugt samband sem geti stutt við afreksmenn sína. Þyrftum hratt og örugglega að rétta af samstarfið. Sagðist sjálfur ekki hafa tekið þátt í umræðunni í nefndinni um happdrættið heldur bara verið upplesari. Freyr lagði til nefskatt, t.d. 100 kr gjald fyrir þátttöku í hverju götuhlaupi. Sagðist styðja báðar leiðir, þ.e nefskatt og happdrætti.

Umræðum lokið.

### **Afgreiðsla mála**

*Þingskjal 16:* Kosning um frávísun þingskjals: 6 samþykki, 19 andvígir.

Hlé gert til að íhuga og ræða breytingatillögu á þingskjali 16.

*Þingskjal 16:* Breytingatillaga frá Helga S. Haraldssyni vegna nefnskatts: afgreiðslu frestað.

Verður afgreidd síðust vegna gerð nýrrar framsetningar á skjali.

*Þingskjal 17:* Samþykkt samhljóða.

*Þingskjal 5.1:* Síðasta setning í 3. grein fellur út og setning í sömu grein stendur áfram „mótshaldari greiðir ekki gjald af eigin skráningum“: Tillaga Sigurðar samþykkt.

*Þingskjal 5.1:* Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

*Þingskjal 6:* Samþykkt samhljóða.

*Þingskjal 7:* Tillaga fjárhagsnefndar um frávísun þingskjals samþykkt samhljóða.

*Þingskjal 21.1:* Samþykkt samhljóða.

*Ályktun 1* frá fjárhagsnefnd:

Tillaga að breytingu að orðalagi á ályktun 1:

*58. Frjálsíþróttatæping haldið á Selfossi 16. og 17. mars 2012 hvetur stjórn FRÍ til að vinna áfram að endurskoðun á samstarfi við RÚV. Þingið telur ekki ásættanlegt að ein stærsta íþróttagrein landsins greiði fyrir útsendingu á íþróttaviðburðum.*

Tillaga að breytingu á ályktun 1 frá fjárhagsnefnd: Samþykkt samhljóða

*Ályktun 1.1:* Samþykkt samhljóða.

Ályktun 2 frá fjárhagsnefnd: Samþykkt samhljóða.

Súsanna Helgadóttir lagði fram svohljóðandi ályktun:

Ályktun 3 frá fjárhagsnefnd:

58. Frjálsíþróttatæping haldið á Selfossi 16. og 17. mars 2012 hvetur stjórn FRÍ til að setja á fót styrktarlínu fyrir velunnara FRÍ sem innheimt væri mánaðarlega af kreditkortu, t.d 500 kr.

Breytingatillaga á þingskjali 16:

58. Frjálsíþróttatæping haldið 16. og 17. mars 2012 á Selfossi samþykkir að lagt verði þjónustugjald á hvern iðkanda sambandsaðila, skv. FELIX 1. maí 2012/2013. Gjaldið verði kr. 1.000.- á iðkanda 11 ára og eldri. Gjaldið verði lagt á næsta FRÍ þingi, varðandi framhald þess.

Breytingatillaga á þingskjali 16: Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun: Samþykkt samhljóða.

## Kosningar

Magnús Jakobsson sagði frá störfum uppstillinganefndar vegna kosningu í stjórn.

Tillaga uppstillinganefndar að formanni: Jónas Egilsson

Tillaga að því að hafa kosningu opna: Samþykkt samhljóða.

Tillaga um formann: Samþykkt samhljóða.

Tillaga uppstillinganefndar um meðstjórnendur sem skipta síðan með sér verkum:

Gunnar I. Birgisson, Lóa Björk Hallsdóttir, Benóný Jónsson og Albert Þór Magnússon.

Tillaga um meðstjórnendur: Samþykkt samhljóða.

Tillaga uppstillinganefndar um varastjórn:

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Hreinn Ólafsson og Mekkin Guðrún Bjarnadóttir.

Tillaga að varastjórn: Samþykkt samhljóða.

Tillaga uppstillinganefndar um skoðunarmenn ársreikninga:

Hallgrímur Arnalds og Kristinn Guðlaugsson.

Tillaga um skoðunarmenn: Samþykkt samhljóða.

Tillaga uppstillinganefndar um formenn nefnda:

- Almenningshlaupa- og víðavangshlaupanefnd: Sigurður Pétur Sigmundsson
- Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Stefán Halldórsson
- Laganefnd: Ásbjörn Karlsson
- Mannvirkjanefnd: Sigurður Haraldsson
- Mótanefnd: Ólafur Guðmundsson
- Ofurhlauparáð: Gunnlaugur Júlíusson
- Skráningarnefnd: Felix Sigurðsson
- Tækninefnd: Þorsteinn Þorsteinsson
- Unglinganefnd: Þórunn Erlingsdóttir
- Öldungaráð: Trausti Sveinbjörnsson

Tillaga uppstillinganefndar um formenn nefnda: Samþykkt samhljóða.

Skipan annarra nefnda er ákveðin með lögum FRÍ eða af stjórn.

Tillaga uppstillinganefndar um fulltrúa á þing ÍSÍ 2013:

- Eiríkur Mörk Valsson
- Helgi S. Haraldsson
- Jónas Egilsson
- Margrét Héðinsdóttir
- Sigurður Haraldsson

Varamenn: Vísað til stjórnar FRÍ.

Tillaga uppstillinganefndar um fulltrúa á þing ÍSÍ 2013: Samþykkt samhljóða

## Önnur mál

Hlynur Chadwick sagðist vilja kanna hvort íþróttagreinin „orientering“ ætti ekki að vera tekin inn í Frjálsíþróttasamband Íslands. Einnig kallaði hann eftir upplýsingum frá þeim sem þekkja til hvernig íþróttin fer fram erlendis.

Stefán Halldórsson tók til máls og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kosningu og þakkaði á sama tíma fyrir sig. Sagði að þegar hann horfði yfir farinn veg sæi hann að það væri margt sem hann hefði viljað hafa haft tíma til að vinna meira í. Dæmi um mál væri að koma gildum íþróttarinnar betur á framfæri. Við hefðum svo margt að bjóða sem ýmsar aðrar greinar hafa látið lönd og leið, t.d jafnrétti, karlar og konur æfðu saman og eitt landslið með báðum kynjum. Nánast jafnt af báðum kynjum sem stunduðu íþróttina. Annað væri heiðarleiki í keppni. Það væri ekki samþykkt „brot“. Þér væri ekki vísað af velli og svo fengirðu að fara inn aftur. Það væru allir með, enginn sem sæti á varamannabekk. Það fengu allir að keppa svo lengi sem menn geti og vilji. Það væri ekkert sem héti að einhver vinni og hinn tapi heldur sigraði jú einn, en það gætu allir verið að bæta sig og unnið stóra persónulega sigra. Ræddi um persónulega frammistöðu í frjálsum. Það væri enginn farþegi sem geti látið aðra í liðinu sjá um að ná árangri og allir væru til staðar á eigin verðleikum. Kröfuhörð grein til einstaklingsins en grein þar sem æfingar og ástundum skiluðu árangri og enginn frípassi sem fólk fengi. Frjálsíþróttir séu stundaðir þannig að íþróttamenn geti staðið uppréttir að loknum ferli en í mörgum greinum beri íþróttamenn varanlegan skaða. Talaði um að við yrðum að passa okkur að verða ekki undir í baráttunni um athyglina og halda gildunum á lofti. Að lokum þakkaði hann fyrir ánægjulegt samstarf. Sagðist ánægður að hafa tekið þátt í starfi við uppbyggingu æskunnar.

Benóný Jónsson tók til máls og sagðist hlakka til að vinna með nýrri stjórn. Margt sem væri óunnið og mikið sem þarf að gera. Sagðist ætla að reyna að láta gott af sér leiða. Notaði einnig tækifærið og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góða samvinnu og góð störf. Sagðist vita að hann muni eiga fólkið sem hauka í horni og vita að þeir muni leggja nýrri stjórn góð ráð. Þótt Birgir sé hættur þá eigi hann nú eitthvað eftir að koma að starfinu.

Freyr Ólafsson tók undir hlý orð Benónýs. Sagði fráfarandi stjórn hafa unnið einkar gott verk. Ræddi um mótaforritið og sagði frá því að krakkar frá HR sværu að vinna að gerð þess. Kids Athletics væri honum einnig hugleikið. Sagðist vilja brjóta upp fyrirkomulagið á Meistaramóti 11-14 ára, gefa krökkum fleiri stökk og fleiri köst. Ræddi um Ólympíuár í ár og hvatti fólk í héraði til að nota það ár til að vekja athygli á íþróttinni. Kári Steinn Karlsson væri frábær íþróttamaður og að það ætti að vera hægt að nýta hann í að koma á stökk víðavangshlaupi. Varðandi peningamálin þá sagðist hann vera sáttur við tillöguna sem var



samþykkt. Brýndi fyrir nýrri stjórn að eyða ekki því sem ekki væri til. Hefði unnið við hugbúnaðargerð um langa tíð og nefndi að hann nýtti mikið skype og skype-fundaraðir. Hvatti fólk til að tala saman og nýta skype, facebook o.fl. Spurði hvar facebook-grúppan um fjárhagsmál sambandsins væri.

Hlynur Chadwick þakkaði Stefáni innilega fyrir sín störf og stjórninni sem frá hverfur. Taldi störf þeirra hafa verið mjög góð. Sagðist líta björtum augum á næsta árs. Þakkaði Birgi sérstaklega. Tók undir orð Stefáns sem hann átti í morgun þegar hann nældi gullmerki á Sigurð Jónsson, þ.e. hversu vel hann væri búinn að ná sér. Sjálfur sagðist hann hafa lenti í því 15 ára gamall að fá heilablóðfall og verið sagt að hann hefði náð sér svona vel vegna þess hversu mikill íþróttamaður hann hefði verið áður. Vildi að lokum þakka Ármeningum fyrir frábært mót um daginn. Sagðist aldrei hafa upplifað svona gott mót.

Ólafur Guðmundsson brýndi fólk til þátttöku á mótum í sumar því að við vildum öll veg frjálsíþróttanna sem mestan og bestan. Sagðist vinna hjá HSK við útbreiðslu á svæðinu. Allt utanumhald skipti miklu máli við að breiða út frjálsar. Ef utanumhald væri ekki tilstaðar þá myndu hlutirnir drappast niður. Á þessu svæði væri stefnan að efla starfið enn meira en áhuginn væri að koma aftur upp. Aðhaldið skipti því miklu máli. Krakkafrjálsar væru mikilvægar fyrir útbreiðsluna. Skólaþríþrautin einnig mikilvæg. Ólafur sagðist gera sitt til að ýta á íþróttakennara á svæðinu til að taka þátt í skólaþríþrautinni. Unglingalandsmót UMFÍ verði haldið á Selfossi í sumar og hvatti hann fólk til þátttöku. MÍ í fjölþrautum verði á Selfossi í vor og bauð hann alla velkomna á það mót. Tók undir hugmynd Þráins Hafsteinsonar um að fella boðhlaup niður til að ýta undir þátttöku á Meistaramóti í 5 og 10 km hlaupi. Þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf. Að lokum hvatti hann fólk til þátttöku í þeim mótum sem verða á dagsskrá í sumar. Þakkaði fyrir sig og fyrir helgina og lauk máli sínu með því að segja: „Sjáumst í baráttunni.“

Helgi Haraldsson óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Minntist á komandi mót á Selfossi. Nefndi að völlurinn á Selfossi væri ætíð opinn og sagði að fólk væri velkomið í æfingabúðir á svæðinu.

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir þakkaði Stefáni Halldórssyni fyrir sín störf. Las síðan upp kveðju frá Vésteini Hafsteinsyni sem hlaut gullmerki FRÍ í gær. Talaði síðan um tillögu sína um maraþonboðhlaup sem farið er að mynda betur innan FRÍ. Talaði einnig um að nýta Kára Stein til auglýsingar fyrir hlaupið.

Fundarstjóri tók til máls og lýsti vonbrigðum sínum yfir því hve fámennt væri á frjálsíþróttatæpingi. Vildi að þjálfaramálin myndu lagast. Sagði að það verði að sérhæfa þjálfara sem tækju á móti fólk og íþróttamenn ættu ekki að þurfa að skipta um félag til að þjálfari væri nýttur. Ársskýrslan liti vel út og væri gott gagn. Kom með ábendingu um að birta mynd af stjórninni. Í næstu skýrslu ætti að vera andlitsmynd af hverjum stjórnarmeðlimum og texti sem segði hve lengi þeir hafi verið í stjórn. Þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í störfum.

Nýr formaður, Jónas Egilsson, tók síðastur til máls. Hann byrjaði á því að segja frá því að Ásdís hafi verið að kasta 57,66 m á vetrarkastmóti Evrópu og hefði hafnað í 7. sæti spjótkestskeppninnar. Þakkaði hann fráfarandi stjórn og sagði það hafa verið sér ánægjulegt að vinna með frárandi stjórnarmönnum öllum, sérstaklega Stefáni Halldórssyni, sem hann hefði haft mikil og góð samskipti við. Birgir Guðjónsson, sem nú léti af formlegum störfum innan hreyfingarinnar, sagði hann að hefði lyft grettistaki innan hreyfingar og taldi hann þingið tímamótatæping að þessu leyti, þ.e. að hann léti nú af störfum. Hann sagði að sú staða sem hann væri kominn í þ.e. að vera bæði formaður og framkvæmdastjóri FRÍ, væri að mörgu leyti ekki sú ákjósanlegasta, en það eru til fordæmi fyrir þessu, bæði innanlands og erlendis frá. Þessi staða kallaði að hans mati á ákvarðanir til að tryggja gegnsæi í ákvörðunum sambandsins m.a. á auknið aðhald af hálfu stjórnar með framkvæmdastjóra. Hann sagði enn fremur að það verði að vera fullkomið traust á milli skrifstofu og stjórnar og ekki

síður gagnvart hreyfingunni sem sambandið væri að starfa fyrir. Formennskan sagði hann að myndi styrkja hann og þá stöðu sambandsins á alþjóðlegum vettvangi. Margt væri framundan, mót og aukið starf hjá unglingum. Þakkaði Frey Ólafssyni fyrir að hafa nefnt krakkafriðsars. Nefndi að Frjálsíþróttasamband Þýskalands hefði komið orðum að því að þeir vildu aðstoða íslenska íþróttamenn og þjálfara og aðra og byðu þeir að komið yrði á einhversskonar samstarfi millis þessara sambanda. Tvö verkefni standi til boða sem þurfi að fara að taka afstöðu til. Norðurlandameistaramót í víðavangshlaupum og hann kallaði eftir framkvæmdaraðila en nefndi þó að stjórn þyrfti þó að taka afstöðu fyrst. Annað væri Evrópu-bikarkeppni í fjölþrautum. Sagði að þingið skilaði af sér fjölmörgum góðum málum. Afl hreyfingarinnar væri mun meira undir einum hatti heldur en ef allt væri í sitthvoru horninu. Afkoman þurfi að verða betri og eftir þingið væri hann bjartsýnn á að svo verði. Tækifæri væru til staðar til að stækka. Ljóst sé að ekki sé hægt og í raun óæskilegt að vera ætíð sammála um alla hluti, en það þurfi þó að vera hægt að vinna saman. Jónas sagðist bjartsýnn á hreyfinguna og komandi ár. Hann þakkaði að lokum þingfulltrúum fyrir góð störf og framlag þeirra.

Nýkjörinn formaður sleit þingi kl. 15:28.

#### Þingforsetar

Guðmundur Kr. Jónsson

Helgi S. Haraldsson

#### Þingritarar

Örn Guðnason

Þórey Edda Elísdóttir